

Sir Tom Hunter
Stoltur Skoti
með stórt hjarta



10

Jarðvegur Indlands
Nærir forystu Actavis



12-13

Nýi sparisjóðurinn Byr
Með 105 ára sögu



16

Moody's metur Norvik Banka

Sérfræðingar matsfyrirtækisins Moody's eru nú staddir úti í Lettlandi þar sem þeir kynna sér rekstur Norvik Banka áður en hann verður metinn í fyrsta sinn. Bankinn hét áður Lateko og er í meirihlutaeigu Straumborgar, félags Helga Guðmundssonar.

Jón Helgi, sem staddur er úti í Lettlandi, fundaði með fulltrúnum í gærmorgun. „Vonandi fáum við svo góðar fréttir frá Moody's þegar þeir eru búnir að fara yfir sín mál,“ segir hann og á jafnvel von á greiningu í næsta mánuði.



JÓN HELGI GUÐMUNDSSON

Hingað til hefur greiningarfyrirtækið Fitch verið eitt um að gefa bankanum einkunn. Í síðasta mati Fitch, í september sl., voru horfur sagðar góðar hjá bankanum. - óká

Actavis sjálft skotmark

Svo gæti farið að Actavis verði sjálft yfirtökuskotmark takist félaginu ekki að yfirtaka sameitalyfjahluta þýska lyfjarisans Merck eins og það hefur lýst áhuga á.

Actavis er lágt verðlagt miðað við áætlað EV/EBITDA-hlutfall fyrir árið 2007, upp á 9,7. Það er heildarvirði fyrirtækisins deilt með rekstrarhagnaði fyrir afskriftir. Til samanburðar má nefna að hlutfall Pliva, sem Actavis reyndi árangurslaust að komast yfir í fyrria, var tæplega sextán þegar það var selt.

Alþjóðlegi bankinn Credit Suisse gaf í gær út nýja og ítarlega greiningu á Actavis. Bankinn hækkaði verðmat sitt á félaginu í 76 krónur og mælir með því að fjárfestar yfirvogi bréf sín í félaginu. Seinni partinn í gær skiptu bréf í félaginu um hendur á genginu 68,70. - hhs

FRÉTTIR VIKUNNAR

Töluverður halli | Vöruskiptahalli í janúar nam 6,9 milljörðum króna samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Í mánuðinum voru fluttar út vörur fyrir 19,2 milljarða króna og inn fyrir 26,2 milljarða króna.

Í evrum | Straumur-Burðarás verður að öllum líkindum fyrsti íslenski bankinn til að skrá hlutafé sitt í erlendri mynt. Stjórn bankans leggur fram tillögu þess efnis á aðalfundi þann 8. mars.

Mikill gengishagnaður | Sparisjóður Vestfirðinga skilaði 801 milljón króna í hagnað í fyrria sem er 276,6 prósentu aukning á milli ára. Arðsemi eigin fjár var 80 prósent.

Á pari | Actavis skilaði rúmlega níu milljarða króna hagnaði í fyrria. Hagnaðurinn á fjórða ársfjórðungi nam um 2,9 milljörðum króna. Það var í samræmi við spár greiningardeilda bankanna.



Fá einkasöluleyfi | Actavis hefur fengið 180 daga einkarétt á sölu meltingarfæralyfsins Ranitidine í Bandaríkjunum. Lyfið er sagt munu fara í dreifingu á næstu vikum.

Slappt ár | Fjölmiðla- og afþreyingarfélagið 365 hf. tapaði 6,9 milljörðum króna á síðasta ári. Á fjórða ársfjórðungi nam tap félagsins 2.246 milljónum króna.

Færeyskt tap | Færeyska olíuleitarfyrirtækið Atlantic Petroleum skilaði tapi upp á 8,1 milljón danskra króna, um 96 milljónir króna, á síðasta ári.

Fá endurgreiðslu | Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hefur upplýst að til standi að endurgreiða ríkisstofnunum virðisaukaskatt af allri þjónustu sem þær kaupa af tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækjum.

Með nýjum sæstreng koma mikil tækifæri

Á yfirstandandi ráðstefnu í Bandaríkjunum er fjallað um fyrirséðan vanda í rekstri gagnamiðstöðva vegna hækkandi orkuverðs. Fjárfestingastofa kynnir landið sem valkost.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Nýr sæstrengur ásamt stöðugu stjórnarhari, afvikinnastaðsetningu og tæknilæsri þjóð gera Ísland að einum ákjósanlegasta stað veraldar fyrir gagnavistunarmiðstöðvar. Nokkurn veginn svona hljómar sölukynning Fjárfestingastofu Íslands á möguleikum þeim sem eru handan við hornið með tilkomu Farice 2 sæstrengsins.

Þórður H. Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingastofu, er staddur á ráðstefnu Uptime Institute í Orlando í Bandaríkjunum, en þar er fjallað um þróun gagnavistunar og möguleika á því sviði. Hann segir að öflugri kynning á möguleikum sé að fara í gang, enda þegar hafin undirbúningur að lagningu nýs sæstrengs með útboði á botnrásum strengsins. „Ísland hefur allt sem þarf til að verða miðstöð gagnavistunar í heiminum og þetta er eitt af þeim svæðum sem horft verður verulega á,“ segir Þórður og bætir við að



ÞÓRÐUR H. HILMARSSON

starfsemin í kring um gagnavistun hafi fjölmarga kosti umfram annan iðnað. „Þetta er ekki mannfrek þjónusta, en um leið kallar hún á verulegar fjárfestingar ef setja á upp stóra gagnamiðstöð,“ segir hann. Að auki er starfsemin orkufrek, en um leið laus við mengun.

Ráðstefnan í Orlando er haldin undir yfirskriftinni „The Invisible Crisis of Datacenters“ en megináhersla er á aðstoðjandi rekstrarvanda vegna síhækkandi orkuverðs í heiminum. „Fyrirséður aukinn kostnaður hefur gert það að verkum að viðhorf manna um hvernig reka á þessar miðstöðvar eru að breytast og eins til þess hvar menn finna þeim stað. Í því felast heldur betur sóknarfæri fyrir okkur.“

Eitt af því sem Fjárfestingastofa bendir á vestra er stefna stjórnvalda í tækniframförum og uppbyggingu. Bent er á að ríkið sé kjölfestuhluthafi í Farice og hafi sérstakan hag af því að tryggja öryggi gagnaflutninga til og frá landinu.

Margföldun stofnfjár lögð til

Fyrir aðalfund Byrs verður lögð tillaga um heimild til stofnfjárukningar úr 231 milljón í þrjátíu milljarða króna. Hagnaður Byrs í fyrria nam um 2,7 milljörðum króna.

Lögð verður fyrir aðalfund Byrs - sparisjóðs tillaga um heimild til stjórnar til að auka stofnfé sjóðsins í þrjátíu milljarða króna. Heimildin yrði til fimm ára, eða til ársins 2012, en aukning næmi um 130-földun því stofnfé sjóðsins er nú um 231 milljón króna.

Ragnar Z. Guðjónsson, annar tveggja sparisjóðsstjóra Byrs, sem varð til fyrir áramót við sameiningu Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vél-

stjóra, áréttar að einungis sé um heimild til aukningar að ræða. Markið sé hins vegar sett á vöxt sparisjóðsins og heimildin geri sjóðnum kleift að bregðast við tækifærum sem upp kunni að koma.

Byr - sparisjóður skilaði ársuppgjöri sínu til Kauphallar í gær. Samanburður á milli ára sýnir gríðarlegan vöxt á fjölda pósta, en það skýrist af sameiningu félaganna, því sameinaður rekstur er borinn saman

við tölur úr ársreikningi Sparisjóðs vélstjóra. Hagnaður Byrs - sparisjóðs á síðasta ári nam þannig 3.200 milljónum króna fyrir skatta samanborið við 1.366 milljónir árið 2005 og nemur aukningin rúnum 135 prósentum. Hagnaður Byrs eftir skatta nam hins vegar tæpum 2,7 milljörðum króna, samanborið við rúmlega 1,1 milljarð árið áður. Á ársgrundvelli er arðsemi eigin fjár Byrs - sparisjóðs 23 prósent. - óká / Sjá einnig síðu 16

120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjalddeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,6%*

GBP 6,2%*

USD 6,2%*

EUR 4,3%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluábyrggjafi sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. febrúar – 28. febrúar 2007.

GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actav365	-2%	-23%
Actavis	-1%	7%
Alfesca	0%	-4%
Atlantic Petroleum	-7%	3%
Atorka Group	6%	12%
Bakkavör	-4%	0%
FL Group	-8%	16%
Glitnir	-5%	15%
Hf. Eimskipafélagið	-5%	12%
Kaupþing	-6%	15%
Landsbankinn	-2%	21%
Marel	-1%	-3%
Mosaic Fashions	3%	3%
Straumur	-7%	14%
Össur	-1%	6%

Míðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Dregur úr vanskilum

Hlutfall vanskila af útlánnum innlánsstofnana hefur lækkað úr tæplega 0,7 prósentum í lok þriðja ársfjórðungs í fyrri í rúmlega 0,5 prósent undir lok árs 2006, samkvæmt tölum sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið saman um vanskil útlána hjá innlánsstofnunum á seinni hluta síðasta árs. Til samanburðar var vanskilahlutfallið 0,6 prósent undir lok árs 2005.

Talnaefnið nær til bruttó vanskila, sem staðið hafa lengur en einn mánuð.

Vanskil útlána hafa ekki verið með jafnlitil síðastliðin sex ár.

Fjármálaeftirlitið bendir hins vegar á að útlánaaukning hafi verið að undanfögnu og kunnig hún að koma fram í auknum vanskilum síðar.

Af einstökum útlánnum lækkaði vanskilahlutfall fyrirtækja úr 0,6 prósentum í lok þriðja ársfjórðungs í 0,5 prósent í árslok. Vanskilahlutfall einstaklinga lækkaði á sama tíma úr 1,0 prósent í 0,8 prósent frá þriðja ársfjórðungi til loka þess fjórða.

Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir á vefsíðu stofnunarinnar að ein af skýringunum á því að van-



PENINGAR Vanskil af útlánnum innlánsstofnana hafa ekki verið minni í sex ár.

skil hafi lækkað sé aukin hlutdeild lána með veði í íbúðarhúsnæði á síðustu misserum. Sýni reynslan að þeim fylgi minni vanskil og tapáhætta, að hans sögn. - job

Sjálfkjörið í stjórn Straums

Sjálfkjörið verður í stjórn Straums-Burðarássfjárfestingarbanka. Þeir sem hafa boðið sig fram sem aðalmennt eru eftirtaldir: Björgólfur Thor Björgólfsson, Birgir Mór Ragnarsson, Guðmundur Kristjánsson, Friðrik Hallbjörn Karlsson og James Leitner. Leitner er forstjóri bandaríska fjárfestingarsjóðsins Falcon Management Corporation í New Jersey.

Pau Eggert Magnússon og Þórunn Guðmundsdóttir ganga út úr stjórn en Þórunn tekur sæti í varastjórn félagsins. - eþa

SPRON greiði út allan hagnað ársins

Eigið fé hefur hækkað með nýju stofnfé og miklum hagnaði

Á aðalfundi SPRON, sem verður haldin á morgun, leggur stjórn sparissjóðsins til að greiddur verði 46 prósentu arður af stofnfé fyrir árið 2006. Það samsvarar arðgreiðslu upp á 8.949 milljónir króna en til samanburðar var hagnaður SPRON 9.010 milljónir króna í fyrri.

Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON, bendir á að stofnfjárskírteini SPRON eru ekki skráð verðbréf í kauphöll eins og hlutabréf. Því telji stjórnendur sparissjóðsins þörf á því að borga háan arð fremur en í skráðu hlutafélagi þar sem hluthafar geta vænst þess að gengishagnaður sé stærri partur af þeirri ávöxtun sem þeir fá til sín.

Uppfært stofnfé SPRON var 19,4 milljarðar króna í árslok en eigið fé sparissjóðsins hefur hækkað verulega á síðustu misserum með nýju innborguðu stofnfé og miklum hagnaði sem orðið hefur til af fjárfestingum. Á aðalfundinum óskar stjórnin eftir heimild til að auka stofnfé um helming.

„Til þess að efla okkur þurfum við að fá inn enn frekara stofnfé með tilliti til þeirra hugmynda



STJÓRNENDUR SPRON Á AÐALFUNDI 2005 Tillaga er gerð um að arður fyrir síðasta ár verði níu milljarðar króna.

sem við höfum um framtíðina. Þetta gefur okkur þá kost á því að halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið,” segir Guðmundur sem tekur fram að engar ákvarðanir hafi verið teknar um frekari aukningu.

Stjórnin leggur einnig til að hagnaður ársins verði nýttur til að hækka stofnfé um fimm prósent með sérstöku endurmati þannig að raunávöxtun stofnfjár nemi 51 prósentu fyrir árið 2006. Gangi tillagan eftir hækkan þá um 970 milljónir.

Markaðsvirði SPRON stendur nú í 70 milljörðum miðað við nýleg viðskipti á stofnfjármarkaði félagsins. - eþa

Aukin kaup á erlendum bréfum

Kaup Íslendinga á erlendum verðbréfum umfram sölu námu 46,4 milljörðum króna í fyrsta mánuði ársins. Þetta er 13 milljörðum krónum meira en í sama mánuði fyrir ári, samkvæmt nýlegum upplýsingum frá Seðlabanka Íslands.

Greiningardeild Landsbankans bendir á að síðustu mánuði

hafi fjárfestingar í erlendum verðbréfum numið um tíu milljörðum króna á mánuði.

Greiningardeildin segir erfitt að spá fyrir um framhaldið og bendir á að líklegt sé að styrking krónunnar upp á síðkasti hafi virkað hvetjandi á erlendar verðbréfafjárfestingar. - job

Lækkun á hlutabréfa-verði að ganga til baka

Innlendur markaður fylgir verðsveiflum erlendis rökrétt í fyrsta skipti en búast má við flökti. Aðstæður eru góðar á hlutabréfamarkaði.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Innlendur hlutabréf réttu úr kútnum í gær eftir nokkra lækkun í síðustu viku og byrjun þessarar. Lækkunir innanlands hafa verið snöggum minni en á erlendum hlutabréfavitölum, sem lækkuðu fimm daga í rök. Sumar hlutabréfavitölur hafa jafnvel sýnt neikvæða ávöxtun á árinu, til dæmi Dow Jones-vísitalan. Í gær hækkuðu einnig asísk og evrópsk hlutabréf eftir fimm daga samfellda lækkun. Bandarísk hlutabréf hækkuðu eftir að markaðir vestanhafs opnuðu.

Jafet Ólafsson, ráðgjafi á fjármálamarkaði, telur að merkileg tíðindi hafi verið að gerast. „Þetta er í raun og veru í fyrsta skipti sem íslenski markaðurinn fylgir rökrétt lækkunum á erlendum hlutabréfamörkuðum. Menn hafa verið að leita að ýmsum skýringum fyrir þessum lækkunum en ekki fundið neinar haldbærar. Markaðir hafa verið að jafna sig en eru mjög flöktandi.“ Efnahagslífið á heimsvísu standi almennt vel og fyrirtæki skili methagnaði.

Úrvalsávísitalan náði toppnum í 7.605 stigum hinn 26. febrúar eftir 18,6 prósentu hækkingu frá byrjun árs. Hálfum degi síðar féllu kínversk hlutabréf um níu prósent á einum degi, sem olli keðjuverkun um allan heim. Jafet bendir á að þegar erlendar hlutabréfavitölur hafi tekið að falla hafi íslenski markaðurinn tekið dýfu en verið nokkuð fljótur að rétta sig við. „Það má segja að íslenskir fjárfestar séu rólegri en kollegar þeirra, sérstaklega í Asíu.“

Seinni partinn í gær stóð Úrvalsávísitalan í um 7.400 stigum, sem er tæplega þriggja prósentu



JAFET ÓLAFSSON

lækkun frá hæsta gildi ársins. Frá áramótum hefur vísitalan því hækkað um fimmtán prósent. „Þetta er mjög góð lækkun og jafnvel 10-12 prósent þætti mjög gott. Markaðurinn fór mjög skarpt af stað. Þessi lækkun var ákveðin leiðrétting og ég trúir því að við eigum eftir að sjá jafnari og hægari hækkanir.“

Aðstæður eru góðar á innlendum hlutabréfamarkaði að mati Jafets, fjármagn í umferð er mikið og eftirspurn eftir góðri ávöxtun er mikil. Hann sér íslensku krónuna fremur sterka á þessu ári og býst ekki við að hún hafi áhrif á þróun hlutabréfa-verðs í Kauphöllinni.

HELSTU VERÐBREYTINGAR FRÁ ÁRAMÓTUM

Exista	26,2%
Landsbankinn	22,0%
FL Group	18,4%
Kaupþing	17,6%
Straumur	17,2%
Glitnir	15,5%
Atorka Group	13,9%
Hf. Eimskipafélagið	12,6%
Actavis	7,2%
Össur	5,7%
Mosaic Fashions	3,3%
Bakkavör	0,0%
Marel	-1,9%
TM	-2,1%
Icelandair Group	-2,9%
Alfesca	-3,2%
Icelandic Group	-5,7%
Teymi	-10,0%
365	-23,5%

◇	A	B	C	D	E	F
1						
2						
3						
4						
5						
6						
7						
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						
19						

162 ÁÆTLUNARFERÐIR
Á VIKU TIL
25 ÁFANGASTAÐA

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is

'07 70ÁR Á FLUGI

Traustar og reglulegar flugsamgöngur við útlönd eru mikilvægt skilyrði fyrir vexti og viðgangi efnahagslífs á Íslandi. Við kappkostum þess vegna að sniða starfsemi okkar og flugáætlun að þörfum íslenskra fyrirtækja og með samstarfi við önnur flugfélög bjóðum við framhaldsflug um allan heim.

+ Kiktu á www.icelandair.is



WWW.ICELANDAIR.IS

Nýr heimur fyrir fjárfesta



Brasilía
Rússland
Indland
Kína

BRIK hlutabréfasjóðurinn er alþjóðlegur sjóðasjóður með þá megin stefnu að fjárfesta í heimssjóðum (Global Funds) sem fjárfesta einkum í hlutabréfum félaga sem skráð eru í kauphöllum í Brasilíu, Rússlandi, Indlandi og Kína. Í þessum löndum, sérstaklega þó þeim tveimur síðasttöldu, hefur hagvöxtur verið gríðarmikill undanfarin ár og áfram er spáð miklum vexti.

BRIK hlutabréfasjóðurinn er einkum fyrir fjárfesta sem eru tilbúnir að fjárfesta í mörkuðum sem sveiflast töluvert meira en markaðir í Evrópu eða Bandaríkjunum og ættu því að skila meiri arði til lengri tíma.

Kynntu þér nánar kosti BRIK hlutabréfasjóðsins á www.spronverdbref.is eða í síma 550 1310.



Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

BRIK hlutabréfasjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstarfélag sjóðsins er Rekstarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.

HUGTAK VIKUNNAR

FRAMLEGÐARHLUTFALL fyrirtækja er hlutfallið milli rekstrartekna þess og rekstrargjalda. Hlutfallið segir til um hversu háu hlutfalli rekstrartekna fyrirtækið skilar til fjármagnsliða og annarra gjalda, svo sem skatta. Fræðin segja að í hlutfallinu endurspeglar að marki hagkvæmni rekstrarins.



Gagnlegt þykir á stundum að bera saman framlegðarhlutfall fyrirtækja í sambærilegum rekstri eða bera saman þróun hlutfallsins milli ára.

FL Group kaupir í spilakassafyrirtæki

FL Group hefur keypt tíu prósentu hlut í breska félaginu Inspired Gaming Group. Kaupverð nemur 240,5 pensum á hlut sem jafngildir því að FL Group hafi greitt 15,3 milljónir punda, jafnvirði tveggja milljarða króna, fyrir hlutinn.

Breska félagið rekur spíla-kassa og ýmiss konar leiktæki víða um Bretland, meðal annars í spílasölum og á breskum krám auk þess sem það sérhæfir sig í lausnum fyrir afþreyingu- og leikjamaarkaðinn í nokkrum löndum.

Á sama tíma og félagið greindi frá innkomu FL Group í hluthafa-

hópinn í gær upplýsti það að það hefði náð samningi um innleiðingu á sérhæfðum lausnum sínum til leiðandi fyrirtækis á leikjamaarkaði sem hafi starfsemi víða um heim. Fyrirtækið greindi ekki nánar frá samningnum en sagði í tilkynningu að slíkt yrði gert á næstu dögum.

Inspired Gaming Group var var skráð á AiM hliðar- markaðinn í

Lundúnum um mitt síðasta ár að undangengnu almennu hlutafjár- útbóði.

Greiningardeild Kaupþings segir gengi bréfa í félaginu hafi hækkað töluvert upp á síðkastið, þar af um 10,5 prósent það sem af er árs.

- jab



HANNES SMÁRASON FL Group hefur keypt 10,5 prósentu hlut í bresku leikjafyrirtæki fyrir jafnvirði tveggja milljarða króna. MARKAÐUR- INN/GVA

Stefnt að hækkandi arði

Finnskafjármálafyrirtækið Sampo Group kynnti nýja arðgreiðslu- stefnu á dögum. Markmiðið er að arðgreiðslur aukist á milli ára sem samsvari 4-6 prósentu árlegri ávöxtun á nafnverð hlutafjár.

Sampo ætlar að greiða út tvöfalt hærri arð í ár en í fyrra, það er 1,2 evrur á hvern hlut saman- borði við 0,6 evrur fyrir árið 2005. Eins og fram hefur komið ætlar Sampo að greiða alls 62 milljarða króna í arð fyrir árið 2006.

Exista, stærsti eigandinn í Sampo, fær í sinn hlut um 9,6 milljarða króna.

- eþa

Endurráðinn eftir höfnun hluthafa

Ekki sér fyrir endann á sviptingum tengdum fyrirtækjasam- stæðunni Stork N.V. í Hollandi. Fyrirverandi stjórnarmaður, Den Hartog, sem stærstu hluthafar höfnuðu á hluthafafundi á föstu- dag, var ráðinn sem sérlegur ráð- gjafi stjórnar á mánudegi og situr fundi stjórnar eftir sem áður.

Viðskiptadómstóll í Amsterdam skipaði í janúar þrjú tilsjónar- menn stjórnar Stork með auknið val með það fyrir augum að leysa úr deilum stjórnarinnar við stærstu hluthafa félagsins. Þessir þrír

hafa nú ráðið Den Hartog sem ráðgjafa til eins árs, en segja má upp samningnum hvenær sem er. Hartog situr því fundi eftir sem áður og hefur aðgang að öllum gögnum.

Stærstu hluthafar í Stork eru bandarísku fjárfestingarsjóðir- ir Centaurus og Paulson, en þeir vilja að frá félaginu verði seld hliðarstarfsemi. Stjórnin hefur sett sig upp á móti því. Marell, sem einnig á í félaginu, vill kaupa matvælavinnsluvélahluta Stork.

- óká

Framboð af þorski og ýsu í hámarki

Framboð á fiskmörkuðum lands- ins tvöfaldadist á milli vikna í síð- ustu viku. Heil 3.878 tonn af fiski voru seld á mörkuðunum í vik- unni samanborið við 1.936 tonn fyrir hálfum mánuði, samkvæmt upplýsingum frá Reiknistofu fiskmarkaða. Að sögn skipa.is, fréttavefs Fiskifrétta er ljóst að áhrifa af vetrarverðtíðinni er farið að gæta og framboð af þorski og ýsu í hámarki.

Þrátt fyrir mikið framboð fékkst ágætt meðalverð fyrir fiskinn, 158,67 krónur á kíló. Fyrir hálfum mánuði fengust hins vegar 184,55 krónur yfir kílóíð en það er hæsta verð sem fengist hefur síðan fiskmarkaðir tóku til starfa.

Þorskur hélt toppsætningu yfir mest seldu tegundir á fiskmörku- uðunum fjórðu vikuna í röð. Tæplega 1.500 tonn af þorsk- afurðum seldust í vikunni, sem



FISKI LANDAÐ Framboð af fiski tvöfald- aðist á milli vikna á fiskmörkuðum landsins í síðustu viku. MARKAÐURINN/GVA

er rúmlega tvöfalt meira en í vik- unni á undan, en 246,48 krónur fengust fyrir kílóíð af slægðum þorski.

Sömuleiðis var mikið framboð af ýsu á mörkuðunum. Tæplega 1.200 tonn voru seld í vikunni samanborið við 590 tonn fyrir hálfum mánuði og fór kílóíð af slægðri ýsu á 141,30 krónur. Það er rúmlega 30 króna lækkun á milli vikna.

- jab

Í frumkvöðlastarf þarf þolinmótt fjármagn

Íslenskur forstjóri Opera Software í Noregi er meðal frum- mælenda á ráðstefnu Samtaka iðnaðarins um samskipti frumkvöðla og fjárfesta á föstudaginn.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Í frumkvöðlastarfi fyrirtækja á tæknisviði skiptir máli að ekki sé þrýst á um skjótfenginn gróða, því oftast en ekki kunna hlutirnir að taka lengri tíma en áætlað var. Jón Stephenson von Tetzchner, forstjóri og annars stofnenda Opera Software í Noregi, segir þolinmótt fjármagn skipta máli í slíkum rekstri.

Opera Software hefur vakið heimsathygli fyrir þróun Opera-vafrans fyrir tölvur og ýmis smátæki, þar á meðal nýjustu leikjatölvur Nintendo. Jón ætlar á ráðstefnu Samtaka iðnaðarins á föstudag að lýsa sögu Opera og framtíð, en umfjöllunarefnið er samskipti frumkvöðla og fjárfesta. Hann fer hins vegar varlega í hversu mikinn lærdóm megi draga af reynslu Opera. „Ég held að aðstæður geti verið dálítið mismunandi milli fyrirtækja. Við getum hins vegar rakið okkar sögu, en það er mikilvægt að maður skilji að aðrar leiðir geti hentað öðrum fyrirtækjum. Svo er ég heldur ekki viss um að ég myndi ráðleggja öðrum að gera nákvæmlega eins og við, þó svo að um leið telji ég ekki að við höfum gert neitt rangt.“

Opera Software flýtti sér hægt og liðu mörg ár þar til leitað var liðsinnis fjárfesta. Síðan leið aftur langur tími þar til fyrirtækið var skráð á markað. „Við vildum vera komin í hagnað áður en kæmi að skráningu á markað.“ Jón neitar því ekki að þótt gott sé fyrir fyrirtækið að hafa nú aðgang að meira fjármagnni en nokkru sinni fyrr geti skráningin truflað. „Sumir fjárfestar vilja sjá ágóða strax, en ekki er þar með sagt að það sé fyrirtækinu fyrir bestu. Þarna er mikilvægt að finna jafnvægi og þolinmæði nauðsynleg.“

Auk Jóns verða meðal fyrirlesara á föstudag- inn Andrew McNair, framkvæmdastjóri tengsla- netsins Connect Scotland, sem kynnir nýstarlegar



JÓN S. VON TETZCHNER Framkvæmdastjóri og stofnandi Opera Software í Noregi.

aðferðir við að tengja saman frumkvöðla og fjár- festa, Vilborg Einarsdóttir, stofnandi og stjórn- armaður Mentor, sem fjallar um frumkvöðla í þekkingarfyrirtækjum og dr. Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Brúar - Fjárfestingafélags, sem heldur erindi um samvinnu fjárfesta og frumkvöðla við uppbyggingu sprotafyrirtækja. Þá verða einnig pallborðsumræður þar sem fyrirlesararnir munu auk annarra með mikla reynslu úr þessum geira viðskiptalífsins ræða samskipti fjárfesta og frum- kvöðla.

Ráðstefnan stendur frá klukkan hálfniú að morgni til hádegis í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, og er haldin í tengslum við stórsýninguna Tækni og vit 2007.

LÍTUR VEL ÚT
SANTAFE

Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jeplinga

Hyundai kynnir nýja kynslóð **stærri sportjeppa**, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Pitt er valið.

Verð frá kr. 3.740.000
Hlaðinn staðalbúnaði
Komdu í reynsluakstur



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.

HYUNDAI hefur gæðin

„Pabbi minn er bleidari!“

Haukur er sonur eins af tæknimönnum Nýherja. Hann segist ætla að verða „bleidari“ eins og pabbi sinn þegar hann verður stór. Honum finnst það hljóma flott þótt hann viti ekki alveg hvað það þýðir, enda sérhæfing pabbans á sviði upplýsingatæknilausna slík að aðeins fáir skilja.

Faðir Hauks og samstarfsfólk hans leggur metnað sinn í að nýta þekkingu sína til að auka ávinninginn fyrir þig og fyrirtæki þitt. Það er þeirra fag.

P.S. Samband föður og sonar er til fyrirmyndar, jafnvel þótt sá yngri hafi ekki tileinkað sér þekkingu þess eldri á IBM Blade-netþjónum.



Himinn og Hárf / SIA

Nýherji er markaðsdrifið þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framsæknum lausnum á sviði upplýsingatækni. Hlutverk fyrirtækisins er að skapa virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Með frábæru starfsfólki, betri lausnum og góðri samvinnu skapast forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.


NÝHERJI

Nýr orkudrykkur frá Pepsi

Bandaríski gosdrykkjarisinn Pepsi ætlar að setja nýja og endurbætta gerð af orkudrykk á markað í júní. Þessi nýi drykkur verður ekki ókunnur í augum gosdrykkjaunnenda því hann mun heita Diet Pepsi Max en innihalda um þriðjungi meira magn af koffíni en finna má í orkudrykknum Diet Mountain Dew sem Pepsi framleiðir líka auk ginsengs, að sögn talsmanns Pepsi.

Með nýja drykknum horfa Pepsi-menn til



þess að auka söluna til fólks á aldrinum 25 til 34 ára sem fram til þessa hefur keypt Mountain Dew en er farið að hafa áhyggjur af holdafari sínu, að sögn fréttastofunnar Reuters. - jab

PEPSI Gosdrykkjaframleiðandinn Pepsi ætlar að setja orkudrykkinn Diet Pepsi Max á markað í sumar fyrir þá sem hafa áhyggjur af linunum. MARKAÐURINN/VILHELM

Buffett kaupir í Bretlandi

Gengi hlutabréfa í bresku dagvöruheðjunnari Tesco, þriðju stærstu verslanakeðju Bretlands, hækkaði um tvö prósent á föstudag í síðustu viku eftir að Warren Buffett, annar ríkasti maður heims og nýr hluthafi í Tesco, ásamt góðkunningsingum sínum til margra ára, Bill Gates, ríkasta manni heims. MARKAÐURINN/AFP



NÝR HLUTHAFI Í TESCO Warren Buffett, annar ríkasti maður heims og nýr hluthafi í Tesco, ásamt góðkunningsingum sínum til margra ára, Bill Gates, ríkasta manni heims. MARKAÐURINN/AFP

hluthafa fjárfestingarfélagsins Berkshire Hathaway, sem hann stýrir, að félagið hefði keypt 2,9 prósent hlut í keðjunni. Gengi Tesco hefur hækkað um heil tólf prósent það sem af er ári. Ekki liggur fyrir hvort ástæðan er innkoma Buffetts í hluthafahóp Tesco enda ekki ljóst hvenær hann festi sér hlutinn því ætíð hvílir leynd yfir því hvar Buffett drepur niður fæti hvað fjárfestingar

varðar. Ástæðan er einfaldlega sú að fjárfestar hlupa iðulega til þegar fjárfestingar hans ber á góma og reyna að feta í fótspor hans.

Eignir Buffetts eru metnar á 44 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði um 2.950 milljarða íslenskra króna, samkvæmt útreikningum bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes. Hann ákvað á síðasta ári að láta meirihluta auðsins, um 37 milljarða dala, tæplega 2.500 milljarða íslenskra króna, renna til góðra mála, í styrktarsjóð góðvinnar hans, Bill Gates, stofnanda og stjórnarformanns hugbúnaðarrisans Microsoft, eins ríkasta manns í heimi að mati Forbes. - jab

Þjóðverjar halda fastar um pyngjuna

Smásöluverslun dróst saman um 5,1 prósent í Þýskalandi í janúar. Viðlíka samdráttur á milli mánaða hefur ekki sést í landinu í um átta ár, samkvæmt útreikningum Þýsku hagstofunnar.

Fréttaveitan Bloomberg hefur eftir Þýskum greinendum að niðurstaðan sé talsverð vonbrigði enda hafi hagfræðingar gert ráð fyrir einungis 1,5 prósent samdrætti á milli mánaða. Til samanburðar jókst sala um 2,6 prósent á milli mánaða í desember.

Helsta ástæðan fyrir þessum mikla samdrætti er ákvörðun stjórnvalda að hækka virðisaukaskatt úr sextán prósentum



RÝNT Í VERÐ Þýskur kúnni les sér til um tilboð verslana í Þýskri verslun. Margar verslanir segjast ætla að halda verði óbreyttu þrátt fyrir hækkun á virðisaukaskatti um áramótin. MARKAÐURINN/AFP

í nítján prósent eftir áramótin með það fyrir augum að bæta stöðu ríkissjóðs. Hafalandsmenn greinilega brugðist við með því

að halda að sér höndum.

Telja greinendur nokkrar líkur á að samdráttar muni gæta á fyrstu þremur mánuðum ársins og óttast nokkrir þeirra að ekki muni blása í glæður smásöluverslunar fyrr en síðla árs.

Thorsten Polleit, aðalhaf fræðingur hjá Barclays Capital í Frankfurt, viðurkennir að reiknað hafi verið með einhverjum samdrætti á milli mánaða vegna virðisaukaskattshækkunarinnar. En þar sem niðurstaðan hafi verið verri en vænst hafi verið megi gera ráð fyrir að hann geti dregið hagvöxt niður um allt að 0,9 prósentustig á árinu. - jab

Vilja skilyrði fyrir yfirtöku Sainsbury

Yfirtökukapphlaup um bresku dagvöruheðjuna Sainsbury hefur leitt af sér gagnrýni á fjárfestingarsjóði þar í landi.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skrifar

Fjármálayfirvöld í Bretlandi eru sögð íhuga að setja fjárfestingarsjóðum stólinn fyrir dynnar með ákveðnum skilyrðum hvað varðar yfirtökutilboð í bresku dagvöruheðjuna Sainsbury. Fjöldi sjóða og einstaklinga hefur verið orðaður við hugsanleg kaup í keðjunni allt frá því snemma í síðasta mánuði. Gert er ráð fyrir að í skilmálunum felist að fjárfestarnir verði skikkaðir til að leggja fram tilboð á allra næstu dögum en draga sig ella í hlé. Er horft til þess að hluthafar í Sainsbury röiast auk þess sem það marki betur framtíðarhorfur verslanakeðjunnar, sem er sú þriðja stærsta í Bretlandi.

Breska dagblaðið Guardian segir yfirtökutilboð í Sainsbury geta hljóðað upp á allt að ellefu milljarða punda, jafnvirði 1.440 milljarða íslenskra króna. Megi búast við því að einhverjir leggi það fram á næstu dögum. Blaðið bendir hins vegar á að líkur séu á að nokkrir fjárfestahópar sem hafi tryggt sér stöðu í dagvöruheðjunni selji bréf sín og taki inn hagnað sinn nú þegar gengi bréfa í Sainsbury hafi farið í 528 pens á hlut vegna yfirtökukapphlaupsins við lokun markaða á föstudag í síðustu viku. Þetta mun vera sögulegt met á gengi bréfa í keðjunni.

Fjárfestarnir sem Guardian segir að líkur séu á að hverfi úr hluthafahópnum eru CVC, bandaríski sjóðurinn Kohlberg Kravis Roberts, landar þeirra í Blackstone Group og Texas Pacific. Að sögn blaðsins ríkir óvissa um það hverjir muni leggja fram kauptilboð í keðjuna þegar upp verður staðið. Þó hefur blaðið heimildir fyrir því að allt eins geti verið að fjórir fjárfestingarhópar bindist höndum saman og leggi fram kauptilboð á næstu dögum, jafnvel undir lok vikunnar.

Kapphlaupið um dagvöruheðjuna hefur teygð anga sína víða um Bretland. Umræðan snýst ekki hvað síst um fjárfestingarsjóði þar í landi, sem hafa fengið mikið pláss í bresku pressunni. Er umræðan




EIN AF VERSLUNUM SAINSBURY Fjármálayfirvöld á Bretlandi íhuga að setja fjárfestum skilyrði til að flýta fyrir því að málin skýrist í yfirtökukapphlaupinu um dagvöruheðjuna Sainsbury. MARKAÐURINN/AFP

nú komin á það stig, að sögn Guardian, að þingmenn hafa hótad að þrýsta á fjármálayfirvöld að þau rannsaki lögmati sjóðanna, sem hafi úr miklu fjármagni að spila, og kanni hvort þeir hafi eitthvað gruggugt í pokahorninu.

Aukin þjónusta fyrir viðskiptavinum Landsbankans

Nú getur þú fengið greinargott yfirlit á Einkabankanum um stöðu lána, innlánsreikninga, verðbréf og sjóði og fært valdar upplýsingar rafrænt beint á skattframtalið þitt.

Nánari upplýsingar á landsbanki.is



SKÝR YFIRSÝN, AUKIN VERÐVITUND

52 sneisafullar síður af prentlausnum!



Í þriðja sinn á fjórum árum



2004 fyrir breytingastjórnun

2006 fyrir stefnumótun

2007 fyrir samruna, yfirtökur og innleiðingu nýrra félaga

Actavis hlýtur Íslensku þekkingarverðlaunin 2007

Actavis hlaut fyrir skömmu Íslensku þekkingarverðlaunin sem Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga veitir árlega. Við þökkum þann heiður og viðurkenningu á starfi okkar sem felst í þessum verðlaunum.

Þekking, hæfileikar og reynsla starfsmanna Actavis hefur skapað velgengni fyrirtækisins. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið gríðarlegur á undanförunum árum og Actavis er nú í hópi fimm stærstu samheitalyfjafyrirtækja í heimi.

Þetta eru verðlaun 11.000 starfsmanna Actavis um allan heim.

actavis

FERÐASÝNINGIN 2007
http://ferdasyningin.islandsmot.is

GOLF 2007
http://golf.islandsmot.is

SUMAR 2007
www.rif.is

3

UNDIR SAMA ÞAKI

STÓRSÝNING

FÍFAN KÓPAVOGI 20.-22. APRÍL 2007

ER FYRIRTÆKI ÞITT SKRÁÐ?
TRYGGÐU ÞÉR PLÁSS OG BÓKAÐU NÚNA!

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
Ferðasýningin 2007 s: 534 7010 / Golf 2007 s:534 7010 / Sumar 2007 s: 586 8003

Rafhlöður úr fartölvum innkallaðar á ný

Viðamikil innköllun á rafhlöðum fyrir fartölvur frá Sanyo er enn eitt áfallið fyrir japanska tæknifyrirtækið.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Kínverski tölvuframleiðandinn Lenovo ákvað á fimmtudag í síðustu viku að innkalla rétt rúmlega 200.000 rafhlöður sem fylgja Thinkpad-fartölvum fyrirtækisins. Að sögn Lenovo hafa fimm tilkynningar borist um að rafhlöðurnar ofhitni. Hætta er á að kviknað geti í fartölvum af þessum sökum en einn eigandi Thinkpad-fartölvu er sagður hafa fundið til sviða í augum vegna reyks og gneistaflugs frá fartölvu hans þegar kviknaði í henni.

Að sögn forsvarsmanna Sanyo getur gallinn ekki komið upp í rafhlöðunum nema þegar þeim er skellt af afli í gólfíð.

Fréttir af innköllun á rafhlöðum í fartölvum komust í hámmáli seint á síðasta ári en þá sá japanska tæknifyrirtækið Sony sér ekki annað fært en að innkalla rúmlega níu milljónir rafhlaða vegna galla í fartölvurafhlöðum sem fyrirtækið framleiddi. Gallinn var af svipuðum toga og nú en rafhlöðurnar fylgdu fartölvum frá risafyrirtækjum á borð við Dell, Toshiba og Sony. Meira að segja Lenovo slapp ekki við skrekkin og varð að innkalla



IBM-FARTÖLVU FRÁ LENOVO Kínverski fartölvuframleiðandinn Lenovo hefur innkallað rúmlega 200.000 rafhlöður í fartölvum fyrirtækisins. MARKAÐURINN/AFP

um hálfa milljón fartölva vegna þessa. Sony varð fyrir talsverðum skakkaföllum og varð meðal annars að skera niður afkomutölur sínar vegna gríðarlegs kostnaðar við innköllunina.

Japanski raftækjaframleiðandinn Sanyo, sem er þriðji stærsti rafhlöðuframleiðandi í heimi, framleiddi rafhlöðurnar í samstarfi við Lenovo. Fyrirtækin ákváðu því um helgina að skipta kostnaðinum við innköllunina á milli sín. Ekkert liggur hins vegar enn fyrir um kostnað og áhrif innköllunarinnar. Fjölmíðlar eru þó á einu máli um að Lenovo verði fyrir óverulegum skaða.

Öðru máli gegnir um Sanyo en greinendur segja þetta enn eina hörmungarfréttina fyrir fyrirtækið. Síðastliðin ár hafa verið erfið fyrir Sanyo sem hefur kostað miklu til vegna endurskipulagningar í rekstri vegna samdráttar. Sanyo greindi frá

afleiðri afkomu á fjórða ársfjórðungi fyrir skömmu og er gert ráð fyrir að tæknifyrirtækið komi lítið skár undan fyrstu mánuðum þessa árs enda er gert ráð fyrir taprekstri þriðja árið í röð.

En þar með er ekki öll sagan sögð í sambandi við Sanyo því fyrirtækið er undir smásjá fjármálafyrivalda í Japan vegna gruns um að átt hafi verið við bókhald fyrirtækisins með það fyrir augum að láta afkomuna sýnast betri en raunin var.

Gengi bréfa í báðum fyrirtækjunum lækkaði nokkuð á markaði vegna innköllunarinnar, ekki síst í Sanyo sem fór niður um 2,7 prósent. Fyrirtækið má vart við meiru því gengi bréfa í japanska tæknifyrirtækinu hrapaði niður um heilt 21 prósent vegna rannsókna á bókhaldi þess fyrir hálfum mánuði. Segja greinendur fyrirtækið því einkar viðkvæmt um þessar mundir.

Langar þig í alþjóðaviðskipti?

Alþjóðlegt

Námið er kennt á ensku af erlendum og íslenskum sérfræðingum. Allir nemendur starfa eina önn í útlöndum á námstímanum.

Sveigjanlegt

Flestir eru í fullu námi en hægt er að stunda námið meðfram vinnu.

Sérhæfing

Nemendur hafa tækifæri til að sérhæfa sig í mismunandi markaðssvæðum, í rannsóknnum í viðskiptafræði eða í alþjóðamarkaðsfræði.

Tungumál

Hluti námsins er tungumálanám og val á tungumáli tengist sérhæfingu í markaðssvæðum.

Metnaður

Námið er sniðið fyrir dugmikla einstaklinga sem sækjast eftir spennandi störfum í alþjóðaviðskiptum.

Nýtt meistaranám í alþjóðaviðskiptum

Í haust hefst nýtt og krefjandi meistaranám í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík sem undirbýr metnaðarfulla einstaklinga fyrir spennandi störf í alþjóðlegum fyrirtækjum. Lögð er áhersla á jafnvægi á milli fræðilegrar þekkingar og hagnýtrar þjálfunar. Framúrskarandi íslensk útrásarfyrirtæki standa með Háskólanum í Reykjavík að þróun og framgangi námsins.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR NÚNA

Almennur kynningarfundur um námið fimmtudaginn 8. mars kl. 12-13 að Ofanleiti 2.

Kíktu á www.hr.is og fáðu nánari upplýsingar.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Styttist í almennar geimferðir

Bandaríska geimvisindastofnunin (NASA) og Virgin Galactic, geimferðafélag í eigu breska auðkýfingsins Richards Branson, hafa náð samkomulagi sem færir Branson skrefi nær því að geta boðið almenningi ferðir út í geim.

Í samkomulaginu, sem nær til næstu tveggja ára, felst meðal annars að geimfarar frá NASA munu gera flugprófanir á geimfari í eigu Bransons, sem hann hyggst fljúga út fyrir gufuhvolf jarðar. Fyrirhugað er að almenningi gefist kostur á að kaupa sér miða út í geim eftir tvö ár.

Þá mun NASA sömuleiðis koma að þróunarvinnu við hönnun á búningum fyrir farþega Virgin Galactic, þróa vélbúnað geimfarsins, smíða hitaplötur og þar fram eftir götunum.

Um 200 manns hafa þegar tryggt sér miða með geimfari Richards Branson en gert er ráð fyrir að miðinn út fyrir gufu-



STEPHEN HAWKING Breski stjarneldisfræðingurinn Stephen Hawking er sagður vera á meðal þeirra 200 sem hafa tryggt sér farnið út í geim með ferðaskrifstofu Richards Branson.

hvolfið hlaupi á um 200.000 Bandaríkjadöllum, jafnvirði um 13,4 milljóna íslenskra króna.

Breska dagblaðið Telegraph segir að á meðal fyrstu viðskiptavina geimferðaskrifstofunnar sé breski stjarneldisfræðingurinn Stephen Hawking, en hann skrifaði fyrir nokkrum árum geisvinsæla bók er nefndist Saga tímans og fjallaði meðal annars um endimörk alheimsins. -jab



LÖGFRÆÐINGARNIR OKKAR
KUNNA MEIRA EN BARA
LÖGFRÆÐI.

Viðskiptalögfræði á Bifröst

Námið samþættir með markvissum hætti viðskipta- og lögfræðigreinar. Frá upphafi er því stefnt að sérhæfingu innan lögfræðinnar með því að veita nemendum traustan grunn á hagnýtu sviði viðskiptalífsins.

Stjórnendanám. Hugmyndin á bakvið viðskiptalögfræðina er að búa nemendur undir að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem bíða stjórnenda í atvinnulífinu. Þar þarf að fást við viðfangsefni sem krefjast þekkingar, jafnt í viðskiptafræði sem og lögfræði.

Námið er sex annir. Þú getur lokið BS námi á sex önnum. Metnaðarfullir nemendur geta lokið náminu á tveimur árum. Mikið er lagt upp úr verkefnavinnu í smærri hópum og raunhæfum verkefnum. Reynt hefur sýnt að útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir starfskraftar víðsvegar í atvinnulífinu og eru m.a. vel undir það búnir að hefja feril sinn hjá fjármála-, endurskoðenda- og ráðgjafafyrirtækjum.

Meistaránám. Lagadeild Háskólans á Bifröst býður upp á tvær línur í meistaránámi ML í lögfræði og MA í skattarétti (fjarnám). Skipulag meistaránámsins miðast við að hægt sé að stunda það með vinnu eða sem fullt nám.

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Stoltur Skoti með stórt hjarta

Sir Tom Hunter hóf að selja íþróttaskó úr sendiferðabíl og byggði upp frá því viðskiptaveldi sem teygir anga sína til stórverslana, fasteigna, garðvara og bankastarfsemi. Hann er meðal helstu viðskiptafélaga Baugs og hefur starfað að mannúðarmálum í Afríku í félagi við Bill Clinton. *Eggert Þór Aðalsteinsson* greinir frá ríkasta manni Skotlands.

Það verður algengara að öflugir fjárfestar, sem starfa náið með íslenskum fjárfestum utan landsteinanna, færi sig inn í eiginendahópa íslenskra hlutafélaga. Íranski kaupahéðinninn Robert Tchenuiz og fjölskylda eignuðust nýverið stóran hlut í Existu. Einn þessara viðskiptafélaga Íslendinga, Skotinn Sir Tom Hunter, eignaðist nýlega rúmlega tveggja prósent hlut í Glitni eins og Fréttablaðið greindi frá, hlut sem metinn er á átta milljarða króna.

Uppgangur skoska auðkífingsins er ekki ósvipaður sögu þeirra Íslendinga er standa í stafni útrásarinnar miklu. Auður hans hefur byggst upp á tæpum áratug á verslunarrekstri og fasteignaviðskiptum öðru fremur og nú er svo komið að hann er talinn ríkasti maður Skotlands. Sunday Times mat í fyrra eignir hans upp á 100 milljarða króna.

BYRJADI Í SKOTTINU


Upphaf viðskiptaveldis Sir Thomas Blane Hunter minnir á goðsögurnar um bandaríska drauminn þar sem menn byrjuðu með tvær hendur tómar. Eftir að kaupmannssonurinn frá Ayrskíri við vesturströnd Skotlands lauk viðskiptanami frá University of Strathclyde árið 1982 hóf hann að selja íþróttaskó úr sendiferðabíl. Þetta gekk það vel að beinast lá við að stofna íþróttaverslanakeðju, sem fékk nafnið Sports Division, með fimm þúsund punda láni úr bankanum. Þarna lagði hann grunn að viðskiptaveldi sínu því Sports Division óx fiskur um hrygg og fyrr en varði voru verslanirnar orðnar 240 og starfsmenn yfir sjö þúsund. Árið 1998 var keðjan seld til JJB Sports, einnar stærstu íþróttaverslanakeðju Bretlandseyja, fyrir rúma þrjátíu milljarða króna.

Hann nýtti sér kunnáttu á sviði verslanareksturs til áframhaldandi fjárfestinga í ýmsum verslanakeðjum, margt í nafni fjárfestingararmsins West Coast Capital (WCC) sem hann stofnaði árið 2001 ásamt Jim McMahon. Þriðji eigandi WCC er Paul Davidson, sem situr meðal annars í stjórn FL Group, sem gekk til liðs við Tom og Jim í febrúar í fyrra. Fjárfestingasjóðurinn hefur keypt í félögum á borð við USC, Office, Spirit Pub Groups, D2, Travelodge og Qube. Skotinn er annar hluthafinn í stórverslanakeðjunni Bhs með átta prósent hlut en afgangurinn er í eigu Sir Phillips Green, fyrrverandi viðskiptafélaga Baugs Group.

KYNNTUST Í HOUSE OF FRASER

Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga Baugs í Bretlandi, þekkir vel til Toms og ber honum góða söguna. Leiðir Baugs og Toms hafa legið meðal annars saman í House of Fraser (HoF), Big Food Group, Wyevale Garden Centres og Blooms of Bressingham og einnig hafa bankarnir HBOS og Kaupþing starfað náið með þeim. „Undanfarin fjögur ár höfum við unnið náið saman. Fyrir okkur er Tom ekki bara góður viðskiptafélagi með mikla reynslu úr verslunargeiranum heldur einnig góður og traustur vinur,“ segir Gunnar og bætir við að Tom sé mjög stoltur af skoskum uppruna sínum.

Kynni Baugs við Skotann hófust fyrir um fimm árum eða um svipað leyti og Tom gerði tilraun til að yfirtaka stórverslanakeðjuna HoF árið 2002. „Þetta var fyrsta verkið sem við studdum hann í,“ segir



SIR TOM HUNTER Ríkasti maður Skotlands hefur látið til sín taka í íslensku viðskiptalífi. Tom Hunter fer víða í starfsemi sinni og hefur þannig lagt mikla fjármuni í menntamál á sviði frumkvöðlarannsóknna.

Gunnar. Þótt þessi áform hafi ekki hlotið hljómgrunn hjá stjórnendum HoF dvínaði áhugi fjárfestanna á HoF síður en svo.

Á síðasta ári tók West Coast Capital þátt í kaupnum á House of Fraser ásamt Baugi, FL Group og fleiri fjárfestum. Yfirtakan, sem var gerð í nafni Highland Acquisitions Ltd., var meðal stærstu fyrirtækjakaupa í

íslensku sögu en alls greiddi hópurinn 351 milljón punda (um 46 milljarða kr.) fyrir félagið, um 146 pens á hlut.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, sagði í viðtali við Markaðinn skömmu eftir að Highland lagði fram formlegt yfirtökutilboð í HoF að hann væri ánægður með Tom og aðra meðfjárfesta sína. „Við

berum ábyrgð á verkefninu en tökum inn aðila sem við teljum að geti stutt vel við það. Fyrir utan FL Group er þetta hópur sem hefur mikla þekkingu á sjálfum tísku-bransanum og rekur verslanir í Bretlandi, eins og Don [McCarthy], Kevin [Stanford] og Tom Hunter. Allt eru þetta aðilar sem hafa verið í viðskiptum við House of Fraser og séð hvað hægt væri að gera.“

LEIÐIR GARÐVÖRURNAR

Tom leiðir hins vegar annað stórt samstarfsverkefni með Baugi. Það er uppbygging og fjárfesting í garðyrkjuverslunageiranum þar sem talið er að landslagið eigi eftir að taka miklum breytingum á komandi misserum með hækkandi lífsaldri fólks og auknum kaupmætti eldri hópa samfélagsins. Í júní í fyrra eignuðust WCC Floris og meðfjárfestar garðyrkjuverslanakeðjuna Wyevale Garden Centres fyrir 310 milljónir punda (45 milljarða) og bættu annarri rós í hnappagatið þegar þeir lögðu fram formlegt tilboð í Blooms of Bressingham fyrir 3,9 milljarða króna. Hópurinn ræður því yfir 123 garðvöruverslunum, vítt og breitt um Bretland. Þá hefur verið uppi orðrómur um að Floris bæti Dobbies Garden Centres í safnið en félagið heldur utan um átta prósent hlut í þeirri keðju.

Þarna tengir Skotinn saman verslunargeirann og fasteignageirann þar sem hann hefur átt miklu láni að fagna. Talið er að mikil dulin verðmæti í fasteignum og lóðum liggi í bókum Wyevale, Blooms og Dobbies. Á viðburðaríku síðasta ári myndaði hann ennfremur félag með HBOS og fasteignaspekúlöntunum David og Simon Reuben sem festu kaup á byggingafélaginu McCarthy & Stone fyrir 1,1 milljarð punda.

RIDDARI VIÐSKIPTALÍFSINS

Tom hefur ekki síður látið til sín taka á sviði mannúðarmála en á vettvangi fjármámalífsins. Hann og Marion, eiginkona hans, settu Hunter-stofnunina á fót árið 1998, sem hefur barist gegn fátækt og veitti meðal annars um eitt hundrað milljónir dala til þróunarmála í Afríku í félagi við Bill Clinton, fyrrum Bandaríkjaforseta. Gunnar Sigurðsson segir að Skotinn nálgist góðgerðarmál með mjög skemmilegum hætti, hann horfi á þau eins og hver önnur viðskipti. Hann vilji sjá að það framlag sem lagt er til verkefna skili arði. „Hann fylgist einnig með þeim verkefnum sem stofnunin tekur þátt í af miklum áhuga og kappsemi eins og í viðskiptunum. Hunter er maður með stórt hjarta.“

Einnig hefur Tom lagt mikla fjármuni til menntamála á sviði frumkvöðlarannsóknna og kemur það ekki mikið á óvart þegar bakgrunnur hans er hafður í huga. Hann hefur talað mikið fyrir því að Skotar taki frumkvæði í verslun og viðskiptum og hvetur skoska stjórnálmenn til að huga vel að menntamálum, líftækni, ferðaþjónustu, fjármálaþjónustu og vistvænum orkugjöfum. Við háskólann í Strathclyde starfar sérstök stofnun, Hunter Centre for Entrepreneurship, sem hefur það verkefni að rannsaka og kenna frumkvöðlafræði.

Starf Skotans við góðgerðamál og menntamál varð til þess að hann var aðlaður á sama tíma og Sir Phillip Green, eigandi Arcadia, meðfjárfestir í Bhs og fyrrverandi viðskiptafélagi Baugs.

Við verðum á Tækni & Vit í Fífunni 8.-11. mars

Komdu við hjá okkur á svæði G4 og kynntu þér Netvision skjálausnina, Markaðsvaktina og aðrar vörur fyrirtækisins.



mentis HUGBÚNAÐUR

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Þegar mest á reynir...

Hünnebeck steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttafæni og byggingarkrana.

HÜNNEBECK

– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is

Jarðvegur Indlan nærir forystu

Leituðu Íslands á landakortinu

„Við vissum ekki hvar Ísland var í heiminum þegar við heyrðum að íslenska félagið Actavis ætlaði að taka okkur yfir,“ segir Saral Thangam, framkvæmdastjóri Lotus Laboratories, og lýsir því hlējandi hvernig landakortið var dregið fram og eyjan staðsett í Norður-Atlantshafi, órafjarri Indlandi, daginn sem fregnir bárust af áhuga Actavis á félaginu.

Saral hefur unnið hjá Lotus frá stofnun félagsins árið 2001 og hafði starfað innan allra sviða fyrirtækisins áður en hún varð framkvæmdastjóri þess. Hún viðurkennir að hafa fundið til ákveðins beygs vegna yfirtökunnar í upphafi. Hann hafi hins vegar fljótt horfið þegar hún hafði kynnt sér starfsemi Actavis og varð ljóst hvert stjórnendur Actavis stefndu með kaupunum.

Frá því að Actavis keypti Lotus hefur starfsemin meira en tvöfaldast og margt starfsfólk bæst í hópinn. Á þeim tíma voru um hundrað frásögsprófanir, mælingar á styrkleika lyfja í blóði, gerðar hjá Lotus árlega en í dag eru þær um tvö hundruð.

Saral segist vissulega finna fyrir því að stjórnendur Actavis annars vegar og starfsfólk Lotus hins vegar sé frá ólíkum menningarheimum. Það hafi hins vegar aldrei verið til trafala og eftir því sem tíminn líði



SARALTHANGAM, FRAMKVÆMDASTJÓRI LOTUS Samstarf Lotus og Actavis hefur gengið vel að sögn Saral, þrátt fyrir að stefnufesta og vinnuhráði Íslendinganna hafi komið Indverjunum á óvart til að byrja með.

læri þau betur inn á samskiptamáta hvers annars. „Íslendingarnir eru mjög blátt áfram en Indverjar eru oft á tíðum meira til baka. Okkur þykir ekki alltaf þægilegt að segja hreint út hvað okkur finnst, heldur förum gætilega í kringum hlutina. Það gera Íslendingarnir ekki. Við vorum reyndar dálítið hissa á hreinskilninni til að byrja með. En eftir því sem við kynnumst betur og eyðum meiri tíma saman skiljum við hvort annað mun betur. Það er það sem þarf til að byggja upp samband milli menningarheima, það gerist ekki af sjálfu sér.“



KONURNAR SEM STÝRA LOTUS Fjórir af sjö æðstu stjórnendum Lotus í Bangalore eru konur, þær Sandhya, Radha, Saral og Anuradha.

Indlandi er ætlað lykilhlutverk í því markmiði stjórnenda Actavis að skapa félaginu sess meðal þriggja stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims. Á síðustu tveimur árum hafa um fjórir milljarðar verið lagðir í starfsemina þar, bæði með kaupum á fyrirtækjum og uppbyggingu á starfsemi þeirra. Í tilefni af kaupum á lyfjaverksmiðjunni Sanmar í febrúar og formlegrar opunar þróunarseturs félagsins í Bangalore lögðu stjórnendur Actavis upp í langferð til Indlands. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* fylgdi þeim eftir og hitti fjölda þeirra 620 starfsmanna sem starfa hjá Actavis á Indlandi.

Kaup á lyfjaverksmiðju Sanmar í Suður-Indlandi í síðasta mánuði mörkuðu þáttaskil í starfsemi Actavis á Indlandi. Með þeim hafði fyrirtækið náð tókum á allri virðiskeðju sinni, allt frá þróun á lyfjaefnum, framleiðslu þeirra og fullbúinna lyfja og aðstöðu til þróunar og klínískra prófana. Actavis getur því í raun sinnt öllum stigum þróunar og framleiðslu lyfja í Indlandi án þess að aðrir komi þar að máli.

Stjórnendur Actavis stefna grimmt að því markmiði að félagið verði á næstu árum meðal þriggja stærstu lyfjafyrirtækja heims. Það mun bæði fara fram með ytri og innri vexti. Frekari yfirtaka er hins vegar ekki að vænta á Indlandi í brád. Aukið fjármagn verður nú lagt í að efla þá starfsemi sem félagið hefur komið upp í landinu. Á næstu árum stefnir félagið að því að fjárfesta fyrir þrjá til fjóra milljarða í Indlandi samhliða auknum umsvifum. Alls starfa nú um 620 manns hjá Actavis á Indlandi í borgunum Chennai, Bangalore og Hyderabad.

Stjórnendur Actavis hafa sagst sækja inn á Indlandsmarkað af tvennum ástæðum. Annars vegar vegna þess hversu kostnaður þar er lágur. Hins vegar vegna þess hversu gott aðgengi er að hámenntuðu og hæfileikaríku fólki þar. Mörg hundruð umsóknir hámenntaðra sérfræðinga berast fyrir hvert starf sem fyrirtækið auglýsir laust á Indlandi.

Actavis stefnir að því að stór hluti af framleiðslu og endurþróun vissra eldri lyfjaflokka muni fara fram á Indlandi. Það er nauðsynlegt félaginu svo það geti framleitt lyf með sama kostnaði og indverskir samkeppnisaðilar þess sem hafa verið að koma sterkir inn á samheitalyfjarmarkaðinn á heimsvísu. Félagið hefur þó ekki í hyggju að færa framleiðslu sína eins og hún leggur sig til Indlands. Ákveðin lyf verða alltaf framleidd í Bandaríkjunum, á Íslandi eða Evrópu þar sem lög segja einfaldlega til um að þau verði að vera framleidd þar.

Enn sem komið er stendur framleiðsla Actavis á Indlandi einungis fyrir litlum hluta af heildarsölu Actavis. Hún mun hins vegar fara stigvaxandi strax á þessu ári ef allar áætlanir um lyfjaskráningar ganga eftir. Actavis á jafnframt í samstarfi við aðra lyfjaframleiðendur á Indlandi. Þau lyf sem unnið hefur verið að þróun að með þeim munu koma á markað á næstu misserum.



Actavis stefnir að því að stór hluti af framleiðslu og endurþróun vissra eldri lyfjaflokka muni fara fram á Indlandi.

Indland og athafnirnar

Trúin er ófrávikjanlegur hluti af daglegu lífi flestra Indverja. Þar að auki eru þeir með eindæmum gestrisnir. Hvert sem stjórnendur Actavis fóru á ferð sinni um Indland var þeim því tekið opnum örmum með tilheyrandi athöfnum að hætti hindúa.




Forstjór Actavis skreyttir blómakrönsum kveikja á olíulampa við komuna til þróunarsetursins í Bangalore.



Róbert Wessman og Jón Valgeirsson opna formlega þróunarsetur í Bangalore. Starfsfólkið fylgdist með.



Kaelitækni



Okkar þekking nýtist þér..


Sérhannaðar lausnir fyrir sjávarútveginn! www.kaelitaenki.is S. 440-1800

Sjávarútvegur

MIÐVIKUDAGUR 7. MARS 2007



FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM



Uppbókað fyrir vestan

„Starfsmenn Lýsingar unnu hratt og örugglega úr umsókn okkar um fjármögnun vegna bátaútgerðar til sjóstangaveiða fyrir þýska ferðamenn á Vestfjörðum. Á síðasta ári gerðum við út 11 báta en næsta sumar verða þeir 21 á sjó.“

Finnur Jónsson, Próton ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir



LÝSING.IS // 540 1500

01 - 9510



Hið nýstofnaða hlutafélag Orkey hefur það markmið að skoða leiðir og hagkvæmni þess að framleiða jurtaolíu úr kanólafræjum til notkunar í íslenskum fiskiskipum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vilja framleiða vistvænt eldsneyti

Stofnað hefur verið hlutafélag sem hefur það að markmiði að skoða leiðir og hagkvæmni þess að framleiða jurtaolíu úr kanadísku kanólafræi hér á landi. Jurtaolían er vistvænn orkugjafi sem má brenna í stað svartolíu í íslenskum fiskiskipum.

Hlutafélagið hefur hlotið nafnið Orkey. Stofnendur eru Akureyrar-

höfn, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samherji, Brim, Ís-félag Vestmannaeyja, HB Grandi, Arngrímur Jóhannsson og Norður-orka. Áætlað er að forathugun verkefnisins taki hálf ár og að þá verði tekin ákvörðun um eiginlega framleiðslu. Líklegt þykir að framleiðslan fari fram í Krossanesverksmiðjunni við Akureyri.

Fram kemur á vefsíðu LÍÚ að hugmyndina að verkefninu megi rekja til heimsóknar nokkurra Kan-

adamanna til Akureyrar síðastliðið haust til að kanna möguleika á að Akureyrarhöfn yrði umskipunarhöfn fyrir útflutningsvörur þeirra, meðal annars kanólafræ. Í framhaldi af heimsókn Kanadamanna hafi síðan kviknað sú hugmynd að framleiða olíu úr kanólafræjum hér á landi.

Pétur Ólafsson, skrifstofustjóri Akureyrarhafnar og stjórnamaður í Orkey, segir aðstandendur félagsins spennta fyrir því að nýta

íslenska orku til að framleiða vistvænt eldsneyti og segir þegar hafa komið til tals að selja orkuna úr landi. „Það er allt opið í því. Erlendir aðilar hafa nú þegar sýnt þessu áhuga og haft samband við okkur.“

Framleiðslan yrði fyrst og fremst hugsuð fyrir íslenska fiskiskipaflotann, en íslensk skip brenna nú um sextíu þúsund tonnum árlega af svartolíu og um þrefalt meira magni af dísilolíu. Jurtaolína má enn fremur nota á bílveilar, en fyrst

þarf þá að vinna hana í sérstöku ferli þar sem olían er meðal annars blönduð etanóli.

Pétur segir olíuna menga sáralítið, en þrátt fyrir það séu áhrifin nákvæmlega þau sömu og af hefðbundnu eldsneyti. „Þetta er náttúrulega framtíðin. Mannkynið getur ekki gengið endalaust á orkubirgðirnar. Jurtaolían gerir nákvæmlega sama gagn, nema hún verður kannski til þess að við lifum eilíftíð lengur.“

NÝTT
HÍFIBITAR
Bitana er hægt að lengja og stytta!

Mikið úrval af hífi- og festingabúnaði

Hífibitar • Lyftikeðjur og krókar • Stroffur • Strekkiborðar
Kranavir • Vinnsluvir • Plastborðar • Stálborðar • Vantspennur
Víraklemmur • Taliur • Púllarar • Dyneema ofurtóg
Handbindivélar og margt margt fleira!

Starfstöðvar Ísfells og Ísnets:

- Ísnet Sauðárkrúkur - Háeyri 1
- Ísnet Akureyri - Fiskitangi
- Ísnet Húsavík - Uggahúsi
- Ísnet Hornafjörður - Ófeigstanga
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28



ÍSFELL
www.isfell.is



Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

Arðsemi er lykilorðið

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur arðsemi eiga að vera grundvallarmarkmið í sjávarútvegi. Sjávarútvegur sé grundvöllur hagvaxtar og velmegunar.

Þetta kom fram í ræðu Einars á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var í byrjun mánaðarins í Lilleström í Noregi. Ráðstefnan bar heitið North Atlantic Seafood Forum og var sótt af um fjögur hundruð gestum víðs vegar að úr heiminum.

Fram kom í máli Einars að mikilvægi fiskveiða fyrir íslenska hagkerfið væri slíkt að hagkvæmt fiskveiðistjórnunarkerfi væri forgangsríkið og órjúfanlegur hluti pólitískrar umræðu. Tekjur af fiskveiðum væru rúmur þriðjungur heildarútflutningstekna þjóðarinnar. Íslendingar hefðu því hreinlega ekki efni á mistökum við fiskveiðistjórnun.

„Sjávarútvegur sem byggir á reglum hins frjálsa markaðar, nýtur ekki framlaga frá ríkinu og nýtir sér vísindalega þekkingu er eina lausnin ef ætluin er að tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna og hagsæld þeirra sem hafa atvinnu af fiskveiðum,“ sagði



Einar K. Guðfinnsson

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Einar. Hann varaði viðstadda við öllum misskilningi: sjálfbær nýting auðlinda hafsins ætti ekkert skylt við ofveiði.

Nytjastofnar við Íslandsstrendur eru sem stendur nánast fullnýttir. Einar sagði þess vegna ómögulegt að auka tekjur í sjávarútvegi með aukinni veiði. Íslendingar hefðu hins vegar lagt áherslu að hámarka virði þess fisks sem veiddist. „Þetta hefur tekist vel. Þrátt fyrir að við veiðum minna en áður hefur verðmæti fisksins ekki rýrnað sem því nemur.“

Einar telur Íslendinga í fremstu röð á alþjóðavísu meðal fiskveiðiþjóða. Sjávarútvegur á Íslandi sé

skilgreindur sem þekkingariðngreini; stjórnendur séu hæfir og starfsfólk leggi hart að sér. Íslendingar veiði árlega milli 1,7 og 2,1 milljón tonna, eða sem nemur um tveimur prósentum af heildaraflla fiskiskipa í veröldinni.

Íslenska ríkið styður Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna af fullum þunga, sagði Einar. Í sáttmálanum og öðrum alþjóðasamningum honum tengdum séu réttindi og skyldur strandríkja ítarlega skilgreind. Sjálfbær nýting auðlinda hafsins eigi að vera í höndum þjóða sem hafa hagsmuna að gæta. Fiskveiðistjórnun eigi því að fara fram innan einstakra ríkja, eða svæða, en ekki á alþjóðavettvangi.

Alþjóðlegt fiskveiðistjórnunarkerfi myndi leiða í blindgötu. „Augljóslega er einfaldara að komast að niðurstöðu þegar eitt ríki á í hlut en þegar mörg sitja við samningaborðið. Auðvitað verða slíkar viðræður þó að fara fram þegar mörg ríki eiga hlut að máli.“

Einar sagði sameiginlega fiskveiðistjórnun í Norðaustur-Atlantshafi hafa gjörbatnað. Áður fyrr hafi fiskveiðistjórnun verið stórlega ábótavant og leitt til ofveiði.

Skipaþjónusta

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

A góðum járnnum



HÉÐINN

Stórá 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



SKF



-  Kúlulegur
-  Keflalegur
-  Veltilegur
-  Rúllulegur
-  Flangslegur
-  Búkkalegur

Fatigue load limit		Styrking	Greining	Limiting speed	Designation
kN	kg				
1.43	0.67	0.028	70 000	0.0063	61801
2.25	0.98	0.043	67 000	0.01	61901
5.4	2.36	0.10	60 000	0.015	* 6001
5.07	2.30	0.10	56 000	0.023	16101
7.28	3.1	0.132	50 000	0.037	* 6201

LANDVÉLAR / ASHOK - MN-2008



LANDVÉLAR

Smíðjuvegi 66 - 200 Kópavogi S. 580 5800



S: 555 6006 • www.skf.is
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður



Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288

http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is

INTERPUMP HÁPRÝSTIÞVOTTADÆLUR



- Fyrir fagmanninn og í bílskúrinn
- 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
- Ein fasa og þriggja fasa
- Sjóþolnar og glussadrifnar
- Bensín drifnar
- Háprýstislöngur og fittings
- Spíssar og framlengingar
- Hvirfilspíssar (túrbó)



TX



TSX

Blue Time



LANDVÉLAR

Smíðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
S: 580 5800



Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288

http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is



Þróuð hefur verið íslensk hrognasmyrja úr loðnu- og þorskhrognum.

Þróá íslenska hrognasmyrju

Hrognasmyrja úr ferskum íslenskum loðnu- og þorskhrognum hefur verið þróuð hér á landi. Verkefnið var unnið af sérfræðingum Rannsóknarstofnunar fiskiðnarins, í samvinnu við fyrirtækið Agustson í Stykkishólmi, og styrkt af AVS-rannsóknarsjóði í sjávarútvegi.

Hrognasmyrja er þekkt afurð víða um heim, en þó sérstaklega í Austur-Evrópu og Rússlandi. Markmið verkefnisins var að þróa sambærilega vöru sem myndi höfða til íbúa Skandinavíu, Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku.

Neytendaprófanir hafa farið fram og var afraksturinn kynntur á Alþjóðlegri sjávarútvegssýningu Evrópusambandsins í Brussel síðasta vor. Viðtökur þóttu góðar og var í framhaldinu ákveðið að varan væri tilbúin til framleiðslu.

Síðasti móhíkaninn í Kauphöllinni

● Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum er um þessar mundir sextíu ára. Fyrirtækið er hið stærsta í Vestmannaeyjum og er að sjötíu prósent hlut í eigu Eyjamanna. Vinnslustöðin er eina sjávarútvegsfyrirtækið sem enn er skráð á aðallista Kauphallar Íslands. Sigurgeir Brynjar Kristjánsson framkvæmdastjóri segir fyrirtæki í sjávarútvegi einfaldlega ekki samkeppnishæf um fjármagn. Áður var horft til þess að hér yrði sérhæfð kauphöll fyrir innlend og erlend fyrirtæki í sjávarútvegi.

Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda var stofnuð í Vestmannaeyjum 30. desember 1946. Stofnendur voru hundrað og fimm útvegsmenn úr Eyjum sem ákváðu að sameinast um fiskvinnslu. Hluthafar í Vinnslustöðinni eru í dag 399. Stærstan hlut eiga eignarhaldsfélögin Seil, Öxnafell og Tjaldur auk Leifs Ársælssonar og Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Fyrirtækið er skráð í Kauphöll Íslands, eitt sjávarútvegsfyrirtækja.

Sigurgeir Brynjar Kristjánsson hóf störf hjá Vinnslustöðinni árið 1996; fyrst sem fjármálastjóri en sem framkvæmdastjóri frá árinu 1999. Hann segir Vinnslustöðina sprækari en nokkru sinni á sextugsafmælinu. Nýverið hafi fyrirtækið birt áætlun fyrir nýliðið ár sem komið hafi út framar vonum: velta hafi numið fimm og hálfum milljarði króna og framlegðin 5,4 milljörðum króna. „Þetta er náttúrliga mesta framlegð í sögu Vinnslustöðvarinnar og



Vinnslustöð Vestmannaeyja var stofnuð fyrir réttum sextíu árum. Sigurgeir Brynjar Kristjánsson framkvæmdastjóri segir afmælisbarnið við hestaheilsu.

mesta sjóðstreymi að auki. Hagnadurinn verður hins vegar ekki sérlega mikill vegna gengislækkunar krónunnar.“

Þar kemur Sigurgeir að sömu gömlu sögunni. Gengi sjávar-

útvegsfyrirtækja veltur á gengi íslensku krónunnar. „Við erum ánægðir þegar það er gengistap. Flestir aðrir verða hins vegar voðalega súrur,“ segir Sigurgeir hlæjandi.

EVAN ENGIN GALDRALOUSN

Sigurgeir er þó ekki viss um að upptaka evrunnar reynist nein galdralausn í þessum efnunum, enda hefur hann miklar efasemdir um að hægt sé að taka upp evruna án þess að ganga hreinlega í myntbandalagið og Evrópusambandið. „Mér finnst þessi evrumræðu dálítið kostuleg. Það er nú einu sinni þannig að sjávarútvegurinn er með flest sitt í erlendri mynt.“

Hann er heldur ekki viss um að atvinnugreinin væri mikið betur stödd þótt evran yrði gjaldmiðillinn hér á landi, enda selji fiskvinnslufyrirtækin mikið til annarra landa en þeirra sem nota evruna í viðskiptum. „Ég er ekki viss um að áhrifin yrðu neitt veruleg. Ef þú berð til dæmis saman gengi evrunnar annars vegar og Bandaríkjadals hins vegar, þá sérðu að það væri nú ekki gaman að vera að flytja síld og aðrar afurðir til Bandaríkjanna eins og ástandið er nú.“

Rekstrarumhverfið í sjávarútvegi er ágætt í dag að mati Sigurgeirs. „Það er þessi hlutfallslegi kostnaður sem öllu skiptir. Þegar krónan er sterk er mikill kostnaður hér heima, en þegar hún er veik lækkar kostnaðurinn að sama skapi. Þannig virkar þetta einfaldlega.“

Sigurgeir segist ekki setja sér eða fyrirtækinu sérstök framtíðarmarkmið. „Allra mikilvægast er að gera einfaldlega alltaf eins vel og maður lifandi getur, hvað sem maður tekur sér fyrir hendur.“

LÍTLI VELTA

Vinnslustöðin er nú eitt sjávarútvegsfyrirtækja skráð í Kauphöll Íslands. Fyrir nokkrum árum voru þar fyrirtæki á borð við Samherja, Síldarvinnsluna, Skagstrending, ÚA og Þormóð ramma. Öll hafa þau hins vegar horfið á braut. „Við ákváðum að vera áfram í Kauphöllinni og ekkert hefur breyst í þeim efnunum. Auðvitað erum við meðvituð um að viðskiptin með bréf félagsins eru ekki mikil. Það er engin óskastaða að velta með

bréf í fyrirtækinu sé jafn lítil og raun ber vitni.“

Sigurgeir segir þó ekki standa til að afskrá félagið úr Kauphöllinni. Sú staðreynd blasi þó við að Vinnslustöðin sé síðasta sjávarútvegsfyrirtækið í Kauphöllinni. „Við erum síðasti móhíkaninn.“ Sjávarútvegsfyrirtækin hafa einfaldlega ekki verið samkeppnishæf við aðrar greinar um fjármagn. „Ákvörðunin um hvort við verðum áfram í Kauphöllinni er í höndum eigenda fyrirtækisins.“

STARFSMENN ÁNÆGÐIR

Vinnslustöðin er stærsta fyrirtækið í Vestmannaeyjum; starfrækir þar fiskvinnsluhús og fiskimjölframleiðslu auk þess að gera þaðan út átta skip. Hjá Vinnslustöðinni starfa um tvö hundruð og þrjátíu manns að meðaltali. Sigurgeir segir miklar árstíðabundnar sveiflur í starfsmannahaldi, eins og eðlilegt er þegar sjávarútvegsfyrirtæki eiga í hlut. „Ég myndi segja að hér væri um hundrað og níutíu manna kjarni. Starfsmönnum fjölga þó þegar vertið stendur yfir og verða flestir um þrjúhundruð og þrjátíu.“

Að sögn Sigurgeirs er afar lítil starfsmannavelta hjá Vinnslustöðinni og telur hann það til marks um að starfsmenn séu ánægðir með vinnuveitandann. Langflestir starfsmenn Vinnslustöðvarinnar eru bornir og barnfæddir Eyjamenn. „Það eru einungis fimm erlendir menn á launaskrá hjá okkur. Ég held að það teljist nú fréttanæmt í dag, og önnur vísbending um þá litlu starfsmannaveltu sem er hérna hjá okkur. Fólki líkar vel að vinna hjá Vinnslustöðinni.“

Í nýútkomnu afmælisblaði Vinnslustöðvarinnar kemur fram að um sjötíu prósent hlutfjár í Vinnslustöðinni séu í höndum Eyjamanna sjálfra. Því er ljóst að böndin milli fyrirtækisins Vestmannaeyinga eru sterk.

Aðspurður hvernig sé að reka fyrirtæki í Vestmannaeyjum, fjarri fjármálaiðu höfuðborgarinnar, segist Sigurgeir einmitt telja staðsetninguna meðal stærstu kosta Vinnslustöðvarinnar. „Hér erum við nálægt miðunum. Eyjarnar eru eiginlega eins og risastór frystitogari með hafið allt í kring.“

Lausnir í fiskvinnslu til sjós og lands



Við bjóðum eftirfarandi:

M. 950 Hausaklofningsvél (fésvél)

M. 900 Gellu-, kinna- og klumbuskurðarvél

M. 850 Sundmaga- og lundavél

M. 300 Grálúðuhausara

M. 422 Hausapressu fyrir þurrk

M. 310 Keflaknúsari fyrir þurrk

M. 100 Sneiðavél fyrir þurrk

(sneiðir heilan fisk og hausar)

Smíðum færribönd, þvottakör og fleira.

Önnumst uppsetningar. 20 ára þjónusta við fiskiðnaðinn.

Á. M. SIGURÐSSON ehf.

Hvaleyrarbraut 2 - 220 Hafnarfjörður

Sími: 565 2546 - Fax: 565 2548




Netfang: mesa@mesa.is - www.mesa.is

NÝR OG STÆRRI BÁTUR Í KRÓKAAFLAMARKIÐ

VÍKINGUR 1200 V



**NÝR
BÁTUR**



VÍKINGUR 1200 V

L: 12 m B: 4,22 m

Stærð: 14,99 bt.

Byggður uppúr Viking 1340

Tilbúinn til lengingar í 14,99 m

Lengdur tekur lestin 50 stk kör

29-30 stk 460 ltr. Kör í lest

Þilfarið er 30 fm

Fæst yfirbyggður með MUSTAD
beitningarvélakerfi, 23,500 króka

Í lúkar er svefnaðstaða fyrir
4 menn, stóru eldhúsi og salerni

Stýrishúsið er innréttað fyrir 4,
ásamt miklu rými fyrir tæki og tól.

Aðalvélar frá 12- 20 ltr
700-1000 hestöfl eru í boði

Lengdur mælist báturinn
29,9 bt.

Víkingur Gæði og áreiðanleiki

Samtak ehf. Skútahraun 11- Hafnarfjörður - Iceland

Sími: + 354-5651670 Fax: +354-5652069 - www.samtak.is - samtak@samtak.is

Útgerðarmenn, bændur,
verktakar og aðrir

VÍR FYRIR LYFTUR tæki og vélar

Höfum ávallt á lager
ýmsar gerðir víra.

- Stálvír
- Kranavír
- Riðfrír vír

Göngum frá endum
í samræmi við óskir
kaupenda.



Netagerð Jóns Holbergssonar ehf
Hjallahraun 11, 220 Hafnarfjörður
sími: 555 4949



Hlutur stóriðjunnar vegur þyngst þegar litið er til heildarútblasturs gróðurhúsa-lofttegunda hér á landi. Útblástur fiskiskipaflotans nam 720 þúsund tonn um árið 2004 og fer heldur minnkandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dregur úr útstreymi skipaflotans

Heildarútbreymi gróðurhúsa-lofttegunda hér á landi er um 3,7 milljónir tonna á ári samkvæmt nýjustu tölum Umhverfisstofnunar. Útstreymið nemur um 10,7 tonn um árbúa sem er litlu minna en meðaltalið í ríkjum Evrópa-sambandsins.

Hlutur fiskiskipaflotans er 720 þúsund tonn. Dregið hefur úr útstreymi flotans frá árinu 1996, þegar það náði hámarki í 837 þúsund tonn.

Þegar einstakir liðir eru skoðaðir sést að útblástur frá stóriðju vegur þyngst eða um 950 þúsund tonn á ári.

Útblástur frá bifreiðum

nemur 710 þúsund tonn. Miðað við áætlun frá umhverfisstofnuninni er gert ráð fyrir að hlutur stóriðjunnar eigi eftir að aukast enn frekar á næstu árum og að heildarútbreymi verði nálægt fimm milljónum tonna árið 2010.

Líklegt þykir að útstreymi fiskiskipaflotans minnki á næstu árum enda mikill hvati fyrir hendi; olíuverð er hátt og er olían næststærsti kostnaðarliður útgerðarinnar á eftir launakostnaði.

Kostnaðarhlutdeild olíu í tekjum útgerðarinnar var á síðasta ári nálægt tuttugu prósentum.



Heildarlausnir í lyfturum



Viðurkennd viðgerðar- og varahlutabjónusta

VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi

Landsbankinn opnar í Ósló

Landsbankinn hefur opnað útibú í Ósló, höfuðborg Noregs.

Útibúinu er ætlað að taka við af umboðsskrifstofu sem bankinn stofnaði í Ósló í apríl 2006.

Fram kemur í fréttatil kynningu frá Landsbankanum að rekstur umboðsskrifstofunnar hafi leitt í ljós þörf fyrir frekari útvíkkun á þjónustu bankans í Noregi.

Umboðsskrifstofan muni þó eftir sem áður veita lánaafgreiðslu til viðskiptavina tengdum sjávarútvegi.

Sigurjón Árnason, annar bankastjóra Landsbankans, segir stofnun útibúsins enn einn áfangann í útrás Landsbankans

„Nú þegar kemur yfir helmingur tekna bankans frá starfsemi utan Íslands, og það er ljóst að vöxtur hans mun áfram einkum eiga sér stað á erlendum mörkuðum. Við bindum miklar vonir við starfsemina í Noregi.“

Thor Arne Talseht, sem áður stýrði umboðsskrifstofunni, hefur verið ráðinn útibússtjóri Landsbankans í Ósló.


Landsbankinn er nú með starfsemi í fimmtán löndum.

Einar K. Guðfinnson sjávarútvegráðherra opnaði útibúið formlega.




Afl - Öryggi Ending

www.rs.is



- Aðalvélar frá 50–2500 hp í allar gerðir báta og skipa
- Sjórafstöðvar og hjálparvélar frá 5–1800 hp
- Fyrsta flokks viðgerða- og varahlutabjónusta



Síur í úrvali fyrir flestar gerðir véla og tækja.



Gírar og alhliða viðgerða- og varahlutabjónusta.



R. SIGMUNDSSON

UMBOÐSADILI CUMMINS Á ÍSLANDI | ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000



www.seigla.is



NÝ KYNSLÓÐ KRÓKABÁTA

SEIGUR 1250W - SVO MIKLU MIKLU STÆRRI



**Nýr Seigur
fyrir öryggið**

**Nýr Seigur
fyrir gæði aflans**



**Nýr Seigur
fyrir aðstöðu manna**

**Nýr Seigur
fyrir andófið**



**FREMSTIR
FYRIR HRAÐA
OG SPARNEYTNI**

Vinnuhraði 18-25 sjómílar • Fellikjölur staðalbúnaður • Lestin 29 kör

SEIGLA EHF

Grandagarði 18 • 101 Reykjavík • Island • Sími + 354 551 2809 • Fax + 354 551 2810 • E-mail seigla@seigla.is

ds Actavis



Frá upphafi til enda virðiskeðjunnar

► **Innkaupaskrifstofa** er í Hyderabad á Norður-Indlandi. Actavis framleiðir enn sem komið er einungis lítinn hluta af virkum lyfjaefnum sem þarf til framleiðslunnar. Hyderabad er höfuðstaður lyfjaframleiðenda á Indlandi. Þar fara öll kaup nauðsynlegra efna til framleiðslunnar fram auk þess sem gæðaeftirliti með viðskiptafélögum er sinnt þaðan.

► **Þróunarsetur** Actavis í Bangalore var formlega opnað í febrúar á þessu ári. Þar sinna 55 efnafræðingar þróun á virkum lyfjaefnum. Unnið er að því að finna nýjar framleiðsluaðferðir sem notið gætu einkaleyfisverndar til að framleiða lyfjaefni sem verða notuð í lyf sem eru í þróun sérstaklega fyrir Bandaríkja- og Evrópumarkað. Jón Valgeirsson, doktor í lyfjaefnafræði, sér um uppbyggingu þróunarsetursins.

► **Sanmar** er nýjasta viðbótin við starfsemi Actavis á Indlandi. Kaupin á verksmiðjunni í febrúar voru mikilvægt skref í þá átt að lækka framleiðslukostnað og hafa aukna stjórn á framleiðsluferlinu. Um helmingur af framleiðslukostnaði Actavis fellur til vegna kaupa á virkum lyfjaefnum. Verksmiðjan er tiltölulega lítil en ætlunin er að byggja við hana á næstu misserum. Í henni eru framleidd tíu til fimmtán ný lyfjaefni á ári og unnið er að þróun rúmlega tíu til viðbótar. Það er um það bil fimmtán prósent af heildarfjölda lyfja í þróun hjá samstæðunni. Verksmiðjan mun þegar fram líða stundir jafnframt gegna því hlutverki að framleiða þau virku lyfjaefni sem eru í þróun í þróunarmiðstöð Actavis í Bangalore. Undanfarnir ár hefur framleiðsla Sanmar verið seld til Bandaríkjanna og Evrópu og verður sölu til þriðja aðila haldið áfram.

► **Grandix** er lyfjaverksmiðja sem Actavis keypti í desember síðastliðnum. Þar eru framleiddar töflur og hylki fyrir Bandaríkja- og Evrópumarkað. Framleiðslugeta verksmiðjunnar er 700 milljón taflna á ári en stefnt er að því að hún verði aukin í allt að fjóra milljarða taflna. Verksmiðjan leikur lykilhlutverk í því að lækka framleiðslukostnað félagsins sem er því nauðsynlegt til að standast samkeppni, sérstaklega á Bandaríkjamarkaði. Ekki síst frá indverskum félögum sem sífellt sækja í sig veðrið á sömu mörkuðum og Actavis. Til Grandix er ætlunin að færa framleiðslu á ýmsum lyfjum fyrir Bandaríkjamarkað og jafnframt eldri lyf sem eru þegar á markaði og framleidd í mörgum af verksmiðjum Actavis. Sú framleiðsla verður færð til Grandix þar sem endurþróun mun fara fram og framleitt á hagkvæmari hátt en hefur verið.

► **Lotus** hefur stækkað ört frá því það var keypt árið 2005. Þá voru þar gerðar hundrad frásogsprófanir á ári en í dag eru þær orðnar tvö hundruð. Frásogsprófanir eru mælingar á styrk lyfja í blóði. Þar eru jafnframt framkvæmdar prófanir lyfja á sjúklingum þar sem áhrif þeirra eru mæld og hvort aukaverkanir séu af þeim. Frá því að Actavis tók við Lotus hefur verið byggð upp ný rannsóknarstofa og ýmsar rannsóknir sem áður fóru fram í Bandaríkjunum og Evrópu færðar þangað að hluta. Á öllum starfsstöðvum Actavis á Indlandi er nú uppbyggingarfasí í gangi. Fjalar Kristjánsson, doktor í lyfjafræði, er yfirmaður tæknimála hjá Lotus og jafnframt tengiliður milli stjórnenda móðurfélagsins og Lotus.



Róbert Wessman fær punkt á ennið til verndar gegn óvættum, óheppni og öðru slæmu.



Guðinum Ganesh færð kókoshnetu að fórn í skiptum fyrir velgengi á Indlandi.



Sara Thangam, framkvæmdastjóri Lotus, færir Róberti Wessman, forstjóra Actavis, gjöf við komuna til Lotus.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Hækkun lánschlutfalls Íbúðalánasjóðs veldur þenslu og seinkar aðlögun hagkerfisins.

Spilað á vonir og væntingar

Hafliði Helgason

Síðasta mæling á væntingavísitölu Gallup sló öll met. Þjóðin er bjartsýn og einkaneyslan er í fullum gangi enda þótt eitthvað hafi dregið úr aukningu hennar. Viðskiptahallinn er hið ógnvekjandi tákni þess að íslenskt hagkerfi býr við mikið ójafnvægi.

Háir vextir Seðlabankans eru birtingarmynd þessa ástands og styrkur krónunnar er afleiðing af innstreymi vegna vaxtamunarins. Undanfarið höfum við verið minnt á að við erum ekki gerendur þegar krónan er annars vegar. Hækkun jens og annarrar lág-vaxtamynntar framkallast hér í veikingu krónunnar, sem fylgir annarri hávaxtamynnt.

Í þessu ástandi hafa stjórnvöld kosið að halda áfram að henda lurkum á bál sem þegar logar glaðar en góðu hófi gegnir. Þetta er líf að láni. Fyrir eða síðar fáum við reikinginn af frestun samdráttarins og líklega því hærri sem lengra líður. Íslenskt hagkerfi lifir á yfirdrætti viðskiptahallans og mun þurfa að greiða hann niður.

Opíð og frjálst hagkerfi, sem er sem betur fer raunin hér á landi, gerir aðrar kröfur til þeirra sem því stjórna en raunin var í hinu handstýrða lokaða hagkerfi fyrri tíðar. Hegðun einstaklinga byggir á trú þeirra á framtíðina. Nýverið ákvað félagsmálaráðherra að heimila Íbúðalánasjóði að hækka lánschlutfall sitt og hámarkslán. Þetta hefur með réttu verið harðlega gagnrýnt. Svörin við því hafa verið þau að þessi ákvörðun valdi ekki þenslu á höfuðborgarsvæðinu þar sem hún er mest. Þessi röksemd er afar hæpin. Þessi ákvörðun hefur áhrif á væntingar neytenda, á nákvæmlega sama hátt og sú ákvörðun að aflýsa kreppu og afturkalla aðhald ríkisstjórnarinnar með því að heimila á ný framkvæmdir á vegum hins opinbera.

Afleiðingin er að trúin á framtíðina verður óraunsæ. Þjóðin býst við þetra efnahagsástandi en raunveruleikinn mun standa undir. Þegar gengi krónunnar er sterkara en fær staðist til lengdar notar þjóðin tækifærið og kaupir á gengisútsöllum. Matarskattslækkun, eins jákvæð og hún er í sjálfu sér, hefur sömu áhrif.

Allt ber að þeim brunni að slegið hefur verið slöku við og óþarflega mikill slaki gefinn. Viðskiptahalli af núverandi stærðargráðu er ekki til marks um stöðugleika. Tvær leiðir eru til að hagkerfið nái jafnvægi á ný. Önnur er með samdrætti í einkaneyslu samhliða auknum útflutningi. Hin er veiking krónunnar. Slaki í hagstjórn bendir í þá átt að stærri hluti aðlögunar verði í gegnum gengið með tilheyrandi erfiðleikum. Hvað sem líður framtíðarskipan gengismála verða stjórnámálemenn að fara að læra að tala og taka ákvarðanir með þá staðreynd að leiðarljósi að við lifum og störfum á opnum markaði sem bregst við yfirlýsingum. Þá gildir einu hvort við notum evru eða krónu.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is



Fjárfestingartækifæri Leipzig

15 íbúða hús

Leipzig – Gohlis
Glæsileg bygging með 15 íbúðum allar í útleigu
Leigutekjur: 64.205 € á ári
Yield : 8,0%
Verð pr fm: 970€
Verð: 805.000€



Þjónustuaðili fjárfesta á fasteignamarkaði
587-7600 - <http://www.argoradgjof.is>

Svo fæ ég vexti og vaxtavexti og vexti líka af þeim

Fyrirsögnin er fengin úr söng Trölla fyrir hönd Útvegsbankans á árum áður. Þetta var auðvitað rétt hjá Trölla en bara hálf sagan og varla það. Á dögum Trölla máttu allir þessir vextir sín oftast lítills fyrir verðbólgunni og innstæður í bókum rýrnuðu að raunvirði. Tröllu söng líka bara um innlánsvexti en ekki útlánsvexti og kom því ekkert inn á vaxtamun. Vaxtamunur hefur hins vegar mikið verið í umræðu hérlendis undanfarið, eins og raunar vextir almennt.

Nokkuð erfitt hefur verið að henda reiður á þessari umræðu því að, líkt og algengt er í umræðu um efnahagsmál á Íslandi, þá hefur hugtakanotkun verið heldur losaraleg.

Orðið vaxtamunur er í grundvallaratriðum notað í tvenns konar merkingu, annars vegar til að tákna mun á inn- og útlánsvöxtum og hins vegar til að lýsa mun á vöxtum á milli mynta eða landa. Skoðum fyrst fyrri útgáfuna.

Útlánsvextir eru mjög mismunandi eftir því um hvers konar lán er að ræða, m.a. eftir því hvort það er til skamms eða langs tíma, verðtryggt eða óverðtryggt, í hvaða mynt það er og hve traustur lántakinn þykir. Svipað má segja um innlánin, þau bera misháa vexti, m.a. eftir því hvort reikningurinn er bundinn eða óbundinn, verðtryggt eða óverðtryggt og jafnvel því hve há upphæðin er. Þetta gerir útreikning á vaxtamun erfiðan því að það liggur ekki í augum uppi hvaða inn- og útlánsvexti á að bera saman.

Meðalvaxtamunur er þó tiltölulega auðvelt að reikna. Þá eru einfaldlega allar vaxtatekjur banka lagðar saman og frá þeim dregin öll vaxtagjöld. Í mismuninn er síðan deilt með heildareignum bankans. Niðurstaðan, hreinar vaxtatekjur sem hlutfall af heildareignum, er ein af þeim stærðum sem helst er horft til í bankarekstri. Í fyrri var þetta hlutfall um 1,9% að meðaltali fyrir stóru viðskiptabankana þrjá á Íslandi en nokkuð misjafnt á milli banka.

Vaxtamunur, reiknaður á þennan hátt, hefur lækkað talsvert undanfarið ár, m.a. vegna þess að bankarnir hafa lagt sífellt meiri áherslu á starfsemi þar

ORD Í BELG

Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands



sem vaxtamunur er almennt lítil, t.d. erlend endurlán til stórra fyrirtækja og fasteignalán til einstaklinga. Hreinar vaxtatekjur hafa þrátt fyrir það aukist mjög að raunvirði vegna þess hve heildareignir bankanna hafa vaxið mikið. Vaxtamunurinn er ein af þremur helstu tekjulindum bankanna, hinar tvær eru ýmiss konar gjöld og tekjur af eignamsýslu. Mikilvægi vaxtamunar hefur farið minnkandi en hann stóð þó undir um 40% af tekjum viðskiptabankanna þriggja í fyrri.

Þótt meðalvaxtamunur sé ekki mjög hár á Íslandi skiptir hann út af fyrir sig ekki viðskiptavinum öllu. Meðaltöl segja aldrei alla söguna og svo er ekki heldur hér. Margir viðskiptavnir njóta miklu verri kjara en meðalvaxtamunurinn gefur til kynna, fá lága innlánsvexti en greiða mun hærri útlánsvexti. Ófgarnar eru annars vegar vextir á almennum sparisjóðsbókum, um eða innan við 5%, og hins vegar yfirdráttar- eða greiðslukortalan, vel yfir 20%. Það gefur vaxtamun upp á hátt í 20 prósentustig. Almennar sparisjóðsbækur bjóða raunar svo slæm kjör að það er erfitt að sjá annað en að bönkunum beri að vara viðskiptavinum eindregið við að geyma fé á slíkum reikningum.

Þeir sem vilja varðveita sparifé sitt á bankareikningi geta hins vegar valið úr ýmsum mun hagstæðari reikningum, bæði verðtryggðum og óverðtryggðum. Hæstu innlánsvextirnir eru raunar hærri en sumir útlánavextirnir, sem gefur neikvæðan vaxtamun. Þannig er hægt að setja fé inn á bundna reikninga með allt að 6% vöxtum auk verðtryggingar og fá fasteignalán með lægri vöxtum en það. Raunar virðist álagning á fasteignalán almennt vera mjög lág hjá bönkum og sparisjóðum og jafnvel tap á þeim lánnum sem

veitt hafa verið með lægstum vöxtum.

Rétt er að hafa í huga að frá sjónarhóli sparisfjáreignenda eykst vaxtamunur talsvert þegar tekið er tillit til fjármagnstekjuskatts. Í verðbólgu verður fjármagnstekjuskattshlutfallið í reynd herra en 10%, jafnvel mun herra. Þannig þarf sá sem á fé á reikningi með 12% nafnvöxtum í 7% verðbólgu að greiða um fjórðung raunávöxtunar í skatt, ekki einn tíunda. Sá sem á fé á almennri sparisjóðsbók greiðir fjármagnstekjuskatt af vöxtunum, þótt raunávöxtun slíkra reikninga sé minni en engin.

Þegar rætt er um vaxtamun á milli Íslands og annarra landa er í reynd verið að skoða mun á vöxtum í krónum annars vegar og öðrum myntum hins vegar. Sá munur skiptir miklu meiru í að útskýra hvers vegna lánsvextir eru háir á Íslandi, þ.e. á lánnum í krónum, en vaxtamunur milli inn- og útlána hjá bönkunum.

Hægt er að miða við ýmiss konar vexti, hvort heldur er til langs tíma eða skamms og við hvort heldur er raunvexti eða nafnvexti þegar rætt er um vaxtamun á milli gjaldmiðla. Allt ber það þó að sama brunni. Nafnvextir eru miklu hærri hérlendis en í nágrannalöndunum. Munurinn á nafnvöxtum virðist nú um eða jafnvel yfir 10 prósentustig. Meiri verðbólga hér skýrir bara hluta munarins svo að raunvextir eru einnig mun hærri hérlendis. Það á sér ýmsar skýringar. Stýrivöxtum Seðlabanka er nú beitt af talsverðri hörku til að hægja á efnahagslífinu og það gerir vexti í krónum óvenju háa um þessar mundir. Jafnvel þótt það kæmi ekki til þá væru vextir væntanlega allhár hérlendis vegna þess einfaldlega að Íslendingar spara sáralítið en þyrstir í lán.

Eina umtalsverða uppspretta innlends sparnaðar er lífeyriskerfið. Þótt það muni mikið um það þá nær sá sparnaður engan veginn að seðja nær óslökkvandi þörf landans fyrir lánsfé, nánast hvað sem það kostar. Meðan það er raunin og landið með sjálfstæðan gjaldmiðil með fljóttandi gengi verða vextir í krónum líklega alltaf háir í alþjóðlegum samanburði.

UM VÍÐA VERÖLD

Túnfiskur í hæstu hæðum?

Fortune | Kílóverð á túnfiski er á hraðri uppleið ef marka má umfjöllun bandaríska vikuritsins Fortune um málið. Vikuritið segir að fiskisali einn í Tókýó í Japan hafi reitt fram litla 15.800 Bandaríkjadali, jafnvirði rétt rúmrar milljónar íslenskra króna, fyrir 206 kílóa túnfisk á Tsukiji-fiskmarkaðnum í borginni á dögnum. Þetta jafngildir því að kílóíð hafi farið á tæpar 5.200 krónur. Er bent á að kílóverðið af túnfiskinum hafi hækkað nokkuð síðustu misserin í kjölfar aukinnar eftirspurnar. En fleira kemur til. Tækni til fiskveiða hefur batnað mikið síðustu ár sem hafi skilað sér í meiri veiði en nokkru sinni. Því til staðfestingar er vísað til nýlegrar skýrslu Sameinuðu þjóðanna um fiskveiðar, en þar kemur meðal annars fram að túnfiskveiði í dag sé tíu sinnum meiri í heimshöfunum en fyrir hálfri öld. Katherine Short, sérfræðingur náttúruverndarsamtakanna World Wildlife Fund, segir í samtali við blaðið, að engu sé líkara en að sjómenn hafi tekið sér vélsög í hönd og ætli sér að saga niður sama tréð. En betri tímar eru fram undan, að sögn Economist, sem bendir á að reglugerð sé í smíðum sem muni koma í veg fyrir ofveiði á túnfiski auk þess sem til annarra aðgerða verði gripið.

Kapp er best með forsjá

Economist | Fallið á asíska og bandaríska hlutabréfamarkaðnum er umræðuefni breska vikuritsins The Economist í þessari viku. Íslenska orðatiltekið „kapp er best með forsjá“ á líklegast best við umfjöllun Economist enda er þar bent á ýmsa þætti sem fjárfestar jafnt austan sem vestan hefðu átt að gera sér grein fyrir áður en kínverska hlutabréfavisitalan féll. Sérstaklega er bent á að fjárfestar hafi fest fé sitt heldur glannalega upp á síðkastið og uppskorið eftir því. Margir hafi fjárfest í asískum skuldabréfum, sem geti verið áhættusöm fjárfesting. Þá hefði það ekki átt að koma bandarískum fjárfestum á óvart að markaðurinn gæti dalað nokkuð vestanhafs. Hagfræðingar hafi sagt hagvöxt nær því að verða 2,2 prósent á síðasta ársfjórðungi í fyrri í stað rúmlega þriggja líkt og spáð var. Þá hafi legið í loftinu að fasteignamarkaðurinn væri að kólna eftir að hafa staðið nær suðumarki í talsverðan tíma. Greinarhöfundur Economist segir ennfremur að vissulega hafi fjárfestar tekið út ágætan hagnað með fjárfestingum sem þessum. Þeir verði hins vegar að vera á verði ætli þeir ekki að lenda í sömu hremmingum og í byrjun síðustu viku.

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skafason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmíðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

STARFSMANNAMÁL

Mjúk eða hörð stjórnun

Fyrirtæki eru í auknum mæli að ganga í gegnum breytingar, s.s. alþjóðavæðingu, tækninýjungar og aukna samkeppni. Margir líta í því sambandi á mannauð sem lykilþátt í samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana og leggja áherslu á að breyta hefðbundnum starfsmannadeildum úr deildum sem sjá um skipulag og eftirlit í mannaútskiptum sem skapa augljóst virði innan fyrirtækja. Mannauðsstjórnun er þá borin saman við hefðbundna starfsmannastjórnun sem er af mörgum talin vera bundin kostnaðar-

eftirliti og skrifstofuhaldi sem starfi ekki endilega í takt við stefnu fyrirtækis.

Oft velta menn vöngum yfir hvort munur sé á hefðbundinni starfsmannastjórnun og nútíma mannaútskiptum og hvort einhver möguleiki sé í raun á að skapa virði í hefðbundnum starfsmannadeildum. Hvort ekki sé um að ræða nýtt nafn á einum og sama hlutnum. Meginmarkmið mannaútskiptunnar er stjórnun í anda stefnumiðaðra vinnubragða með langtíma markmiðum þar sem fyrirtæki geti á fljót-

an og öruggan hátt snúið stefnu í framkvæmd. Þá er stefna mannaútskiptanna samræmd viðskiptastefnu fyrirtækisins að öllu leyti. Mannauðsstjórnun hefur einnig verið skipt í mjúka og harða stjórnun þar sem mjúk mannaútskiptun er tákni fyrir mannúðlega stefnu í umhverfi sem virðir tryggð, þarfir, tilfinningar og góð samskipti á meðal starfsmanna. Hörð mannaútskiptun stendur fyrir áherslu á að minnka kostnað með áherslu á skipulag og áætlanir þar sem full nýting er fengin úr mannaúti.

Með nýju hlutverki mannaútskiptanna er nauðsynlegt að mæla

árangur því deildirnar þurfa að sýna fram á virðisskapandi starfsemi sem sannarlega tekur heildarstefnu fyrirtækis með í reikninginn. Ekki er nóg að sýna fram á lækkun kostnaðar og skilvirkni heldur þarf að skilgreina hlutverk starfsmanna með tilliti til stefnu. Með áherslu á stefnumiðaða mannaútskiptun geta mælingar breyst úr hefðbundnum viðmiðum og mælingum sem oftast eru tengdar kostnaði við ráðningar eða kostnaði við þjálfun, yfir í mælingar sem sýna prósentuhlutfall þeirra starfsmanna sem hafa fengið þjálfun, prósentuhlutfall starfsmanna

sem mælast hjálplegir við viðskiptavini eða hversu margir starfsmenn eru stundvísir svo dæmi séu tekin.

Sif Sigfúsdóttir, MA í mannaútskiptum.



SPÁKAUPMAÐURINN

Kínverskar púðurkerlingar

Kunningi minn hringdi í mig í vikunni alveg að fara á límingunum. „Er þetta allt að hrynja?“ spurði hann æstur. Ég geispaði letilega í símann og spurði hvað væri eiginlega í gangi. Það kom náttúrulega í ljós að vinurinn sem er snarmanískur andskoti, hleypur maraþon og þarf alltaf að vera að gera eitthvað, hafði náttúrulega rífið sig upp fyrir allar aldir og séð ástandið á kínverska markaðnum.

Ég geispaði einu sinni enn og sagði svo við hann að það væri óhollt að vakna svona snemma á morgnana. Ég er alveg salla-rólegur yfir þessu kínverska pompi. Maður á aldrei að hoppa út á fyrsta skjálfta. Hann á að vera til þess að skoða málin nánar. Markaður kemur venjulega til baka eftir fyrsta fall og ef hann fellur þá fellur hann í annarri eða þriðju atrennu. Ég er með sterkari taugar en svo að ég fari á taugum yfir því að nokkrar taugaveiklaðar kínverskar púðurkerlingar springi.

Ég hef lengi verið með fjárfestingar í Kína. Þetta verður sá markaður, ásamt Indlandi, Brasilíu og Rússlandi, sem mun gefa mest af sér þegar horft er til lengri tíma. Það er líka alveg jafn ljóst að þessir markaðir munu sveiflast mikið og stundum mjög dramatískt. Ég er fæddur á ári drekans samkvæmt kínversku stjörnu-spekinni og við erum fæddir til valda og forystu við drekarnir. Kína er í mínum huga áhyggjulausa ævkvöldið. Það verða 1,5 milljarðar manna sem munu leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að ég þurfi ekki að leita til Tryggingastofnunar í ellinni og get keypt mig fremst í röðina fyrir kransæðabæpassið.

Nú er runnið upp ár svínsins og ég ætla ekki að sleppa því að halda áfram að flá feitan gölt á kínverska markaðnum. Það eina sem ég er hræddur við og gæti verið að þrengja á mér kransæðarnar, fyrir utan óhóf í mat og drykk og almenna sófaveru, er helvítis krónan. Ég bara treysti henni ekki. Ég er reyndar búinn að koma mér í jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð eins og allir hinir til að hagnast á krónunni, en einn tyrkneskur bömmur getur sett krónuna óþarflega langt niður. Það er eiginlega ekki búandi við slíkan andskota. Ekki það að ég hafi miklar áhyggjur af mér. Áhyggjurnar hef ég af hinum, því þrátt fyrir allt þá hugsa ég ekki bara um sjálfan mig. Ég stend mig meira að segja óafvitandi að því að hugsa töluvert um aðra.

Spákaupmaðurinn á horninu

Arlegt Konukvöld

LÉTT BYLGJUNNAR 967
Í SMÁRALIND 14. MARS

SKEMMTUN Í SMÁRALIND
frá 19.00-23.00 allir velkomnir

Ómissandi uppákomur, skemmtiatriði, kynningar, veitingar, tilboð og fleira verður í boði fyrir konur á öllum aldri um alla Smáralind.

Stórkostlegt happdrætti þar sem vinningarnir skipta tugum þúsunda; flugferðir með Iceland Express, gjafabréf frá Smáralindinni og gjafabréf frá World Class að verðmæti 100 þúsund krónur.

SKEMMTUN Í VETRARGARÐINUM
Takmarkað miðaframboð, fylgstu með á Létt Bylgjunni og nældu þér í miða!

Sjóðheit skemmtidagskrá með frábæru tónlistarfólki og eftirsóttum uppákomum. Fjöldi landsþekktra skemmtikrafta stíga á stökk og skemmta áhorfendum, kynþokkafyllsti karlmaður Íslands verður heiðraður og kynnir verður enginn annar en Egiill Ólafsson.

KYNÞOKKAFYLLSTI KARLMAÐUR ÍSLANDS

Taktu þátt í að tilnefna og kjósa kynþokkafyllsta karlmann Íslands á lettbylgjan.is sem verður heiðraður á skemmtuninni í Vetrargarðinum.

LÉTT BYLGJAN verður í beinni útsendingu allt kvöldið frá Smáralind.

LÉTT
BYLGJAN
967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

AURASÁLIN

Byggjum réttlátt samfélag

Hrun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum undanfarnar vikur kemur Aurasálinni ekki á óvart. Um árabíl hefur hún haft áhyggjur af gegndarlausum hækkunum verðbréfaþappír um víða veröld. Sérstaklega hefur Aurasálin áhyggjur af þeim búsiþingum sem ofsagróðinn veldur almennum borgurum.

Allir vita að venjulegt fólk tapar á hlutabréfabraski. Það eru bara hinir ofurríku eigendur vögunarsjóða og einkafjármagns sem moka inn milljörðum á þessum tilefnislausu gervihækkunum á meðan almenningur tapar þeim fáu krónum sem hann hefur unnið sér inn í sveita síns andlitis og fjárfest í þeirri trú að hann muni fá hlutdeild í þeirri ævintýralegu auðsköpun sem haldið er fram að eigi sér stað, einkum í fyrirtækjum sem framleiða ekkert nema rafeindaskilaboð og excel-skjöl.

En það er auðvitað ekki hugmyndin með hinni risavöxnu svikamyllu hlutabréfamarkaða að almenningur auðgisti. Þvert á móti er það þaulhugað samsæri fjármagnseigenda sem tala sig saman um að halda uppi verðinu þangað til almenningur blekkist til þess að taka þátt í spílinu. Þá taka fjármagnseigendurnir peningana sína til baka, selja sauðsvörtum almúganum bréfin á uppsprengdu verði og leggja afraksturinn inn á banka þar sem hann bólgnar út þegar yfirdráttarvöxtum almúgans er smurt ofan á sparifé broddborgaranna.

Það er einlæg von Aurasálarinnar að næsta ríkisstjórn muni taka hart á braski. Góð byrjun væri að hækka skatta á gjaldeyriskaup til að koma í veg fyrir að stórgrósserar þessa lands stingi auðfæm sínum undan hagkerfinu með því að flytja þau í erlendar myntir. Með því að setja til dæmis tíu prósentu skatt á gjaldeyriskaup, hækka skatta á fyrirhafnarlausan fjármagnsgróða úr 10 prósentum í 35 og með því að hækka aftur skatta á arðrán fyrirtækja, til dæmis úr 18 prósentum í 40, væru stór skref stigin í átt að nýju og réttlátara jafnvægi í samfélaginu.

Að auki myndu tekjur ríkissjóðs augljóslega stórukast ef þessi leið yrði farin og hægt væri að byggja risastórar íþróttahallar til þess að bæta heilsu fólks, lækka skatt á íslensk matvæli, niðurgreidda sumarleyfi fyrir verkamenn og margt fleira sem horfir til bóta í samfélaginu. Með sameiginlegu átaki stjórnmalámana og verkalyðsfélaga er hér hægt að koma á fót réttlátara og fegurra samfélagi þar sem menn verða metnir af framlagi sínu til raunverulegrar verðmætastöpunar en ekki vegnir á vogarskálum nakinnar gróðahyggu á grundvelli ómanneskjulegra viðmiða hinnar steinrunnu nýfrjálshyggu sem nú ræður för í heiminum.

Aurasálin vonar því að markaðir haldi áfram að hrynja þannig að almenningur losni sem fyrst við þá blekkingu að raunveruleg verðmæti verði til í kauphöllum og hjá auðmönnum. Raunveruleg verðmæti verða til þegar fólk svitnar af líkamlegu erfði, en ekki þegar það fitnar af þaulsetu við tölvuskjá.



SPARISJÓÐSSTJÓRAR BYRS Ragnar Z. Guðjónsson og Magnús Ægir Magnússon fara fyrir Byr - sparísjóði, en það er nýtt heiti á Sparísjóði Hafnarfjarðar og Sparísjóði vélstjóra sem voru sameinaðir fyrir áramót.

Nýr sparísjóður með 105 ára sögu

Byr - sparísjóður er nýtt nafn á sameinuðum Sparísjóði Hafnarfjarðar og Sparísjóði vélstjóra sem kynnt var um síðustu helgi. Í spjalli við Óla Kristján Ármannsson lýsa sparísjóðsstjórnarnir, Magnús Ægir Magnússon og Ragnar Z. Guðjónsson, hvernig nýr sparísjóður ætlar að láta til sín taka í harðri samkeppni á bankamarkaði.

S tofnar sjóðsins? Það er nú það,“ segir Magnús Ægir Magnússon, annar tveggja sparísjóðsstjóra Byrs - sparísjóðs. „Ætli við verðum ekki bara að halda upp á afmælið þrisvar á ári,“ gantast hann. Ragnar Z. Guðjónsson, hinn sparísjóðsstjórnir, tekur undir að það kunni að vera þjóðráð. Báðir eru glaðir og reifir, enda nýbúið að kynna nýtt nafn á sparísjóðnum og framtíðaruppbygging fyrir dyrum.

Fyrsta desember síðastliðinn runnu nefnilega saman Sparísjóður Hafnarfjarðar, sem stofnaður var 22. desember árið 1902 og Sparísjóður vélstjóra sem stofnaður var 11. nóvember árið 1961, eftir að stofnfjáreigendur beggja sjóða höfðu lagt blessun sína yfir ráðahaginn. Viku síðar kom svo samþykkt Fjármálaeftirlitsins. Sparísjóðsstjórnunum yfirsést hins vegar fjórða tilefni til afmælishalds, því undir Byr heyrir einnig netbankinn S24 sem stofnaður var 14. október 1999.

Um áramót námu heildareignir Byrs rúmum 104 milljörðum króna og eiga yfir fimmtíu þúsund einstaklingar í viðskiptum við sjóðinn og á þriðja þúsund fyrirtæki. Ljóst er að Byr - sparísjóður er afl sem eftir er tekið á íslenskum bankamarkaði.

FREKARI SAMEINING Í SPILUNUM

Ragnar segir þá enda alls ekki sammála því að hér skorti samkeppni á bankamarkaði líkt og stundum heyrast haldið fram. „Samkeppni hefur sjaldan verið jafnmikil á þessum markaði og ekki gert annað en magnast í raun allar götur frá því að bankarnir voru einkavæddir. Við erum að upplifa það í okkar kerfi og svo sést það mjög vel á vaxtamuninum hjá fjármálastofnunum hvað hann hefur lækkað mikið síðan þá þannig að álagningin hefur verið að minnka á síðustu árum,“ segir hann.

Aukna samkeppni segja sparísjóðsstjórnir svo meðal annars ástæðuna fyrir áhuga sparísjóðanna á samruna, en byrjað var að vinna að honum á vordögum í fyrra, en 27. apríl rituðu stjórnir sjóðanna undir viljayfirlýsingu um að hefja viðræður um sameiningu. „Við vildum taka þátt í þessum slag á fjármálamarkaði, en tilgangurinn með samrunanum er einmitt að þjappa sér saman og mynda stærri eining til þess að hafa meiri kost á

því að keppa við stóru aðilana,“ segir Ragnar og bætir við að stærri eining hafi betri aðgang að ódýrara fjármagni auk þess sem hægt sé að bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu til viðskiptavina sjóðsins og fylgja eftir vexti og útrás stærri viðskiptavina. „Ef staðan væri sú sama og fyrir tæpum tveimur árum hefðum við bara þurft að finna okkur einhverja syllu til að vera á í stað þess að taka þátt í þessari heildarþjónustu sem við viljum vera í á fjármálamarkaði.“

Undir þetta tekur Magnús og bætir við að einnig hafi verið að baki sameiningu sparísjóðanna sú hugsun að hún styrkti gríðarmikið sparísjóðakerfið í landinu.

„Sem eins og stundum hefur verið rætt um, er hið fjórða afl á bankamarkaðnum,“ segir hann og telur ljóst að sparísjóðirnir veiti bönkunum aðhald og hafi um árabil notið mikillar velvildar almennings. „Við höfum skorað hátt á ánægjuvöginni og almenningur vill hafa sparísjóðina við hlið viðskiptabankanna. Við verðum að vera þokkalega stórir og kraftmiklir ef við ætlum að geta keppt við þá.“ Magnús segir því næsta öruggt að búast megi við frekari sameiningu sparísjóða. „Og vonandi bara að af því verði,“ bætir Ragnar við, en segir það náttúrulega komið undir hverjum og einum sparísjóði sem ekki hafi þegar sameinast öðrum. „Við hins vegar einbeitum okkur að okkur sjálfum enda umfangsmikið verkefni að sameina stóra sparísjóði á borð við þessa tvo og við enn í því ferli að samþætta allan reksturinn.“

VÖXTUR MED VIÐSKIPTAVINUM

Samruninn og nýja nafnið sem kynnt var með viðhöfn í Smárabíói á laugardagsmorguninn segja þeir Ragnar og Magnús Ægir hafa verið mjög stórt skref, en síðan sé unnið áfram að innri málum sparísjóðsins. Samruninn segja þeir að hafi í raun gengið vonum framar. Þegar fram líða stundir segjast þeir munu skipta með sér verkum, en fram til þessa hafi samrunaferlið í raun verið í forgrunni.

„Við eigum svo eftir að þróa samstarfið áfram þegar við sjáum út úr öllum þessum verkefnum tengdri samþættingu sparísjóðanna,“ segir Ragnar. Magnús Ægir bætir við að hann hafi náttúrulega þurft að kynnast SPV og Ragnar SPH. „Þetta er eins og með hjónabandið, þú þarft að kynnast fjölskyldu makans og öflugt.“

Báðir eru þeir Magnús Ægir og Ragnar virkilega ánægðir með stemninguna sem myndaðist á laugardaginn meðal starfsmanna, en yfir 300 manns, starfsmenn og fjölskyldur mættu í bíóið af þessu tilefni. Fjölskyldurnar blandast því vel. „Þetta var óskaplega skemmtilegur dagur. Svo er nafninu mjög vel tekið og við mjög ánægðir með þetta allt,“ segir Ragnar.

Byr segja sparísjóðsstjórnir að standi vel og sé með sterka eiginfjárstöðu. Stefnan er sett á frekari vöxt. „Sjóðirnir búa að mjög

Byr - sparísjóður

Stofnár: 2006/1902

Starfsstöðvar: 8

Fjöldi starfsmanna: 170

góðum grunni og menn ætla náttúrulega að sækja fram og vaxa. Við byggjum á þjónustu okkar við einstaklinga og fyrirtæki sem verið hafa í viðskiptum við okkur. Sparísjóður Hafnarfjarðar á sér náttúrulega yfir

hundrað ára sögu og Sparísjóður vélstjóra 45 ára sögu,“ segir Ragnar og bætir við að á aðalfundi sjóðsins í næstu viku verði meðal annars lögð til nokkuð rifleg aukning á stofnfé. „Þannig að menn ætla sér að stækka.“

Byr skilgreinir Ísland sem meginmarkaðssvæði sitt, en með sérstakri áherslu á höfuðborgarsvæðið. Að auki eru svo Norðurlöndin og meginland Evrópu talin til markaðssvæðis Byrs og ætlar sjóðurinn að stunda starfsemi á því svæði. „Grunnurinn og baklandið er hér heima, bæði vegna langrar sögu og tryggs viðskiptamannagrunns. Við sjáum hins vegar æ fleiri fyrirtæki fara til útlanda með starfsemi og við þurfum að fylgja með okkar viðskiptavinum líkt og viðskiptabankarnir hafa verið að gera,“ segir Magnús Ægir. Ragnar segir mögulega útrás tvíþætta, bæði komi til stuðningur við viðskiptamenn og svo eigin fjárfestingar sparísjóðsins. „Þar erum við bara opin fyrir tækifærum og grípum þau ef þau gefast og við teljum þau vera góð.“

SEX FRÁBÆR ATRIÐI EFTIR Í BEINNI KL. 20:30 Á FÖSTUDAG



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



HARA
SÖNGHÓPUR



GYLFI
YNGRI EN 25 ÁRA



GÍS
SÖNGHÓPUR



GUÐBJÖRG
YNGRI EN 25 ÁRA



INGA
ELDRI EN 25 ÁRA



JOGVAN
ELDRI EN 25 ÁRA



ALAN - DATT ÚT 02.03.07



SIGURÐUR - DATT ÚT 23.02.07



FJÓRFLETTA - DATT ÚT 16.02.07



JÁ - DATT ÚT 02.02.07



TINNA - DATT ÚT 26.01.07



JÓHANNA - DATT ÚT 19.01.07

Á FÖSTUDÖGUM




THE SIMPSONS - kl. 19:40

Tvöfalður
þáttur



X-FACTOR - kl. 20:30



PUNK'D - kl. 21:45

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

Ávaxtaðu betur - í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í krónum 15,8%*
ávöxtun í evrum 5,4%*
ávöxtun í dollurum 8,5%*
ávöxtun í pundum 7,1%*

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, EUR, USD og GBP.

Hafðu samband við ráðgjafa í síma 444 7000.

*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 31/01/07-28/02/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdraetti úr útboðslýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.



Einfölduð sýn fyrir stjórnendur

Tölvubankinn hefur kynnt til sögunnar nýja hugbúnaðarlausn fyrir stjórnendur fyrirtækja og sveitarfélaga sem kallast BizVision. Hugbúnaðurinn verður kynntur á sýningunni Tækni og vit sem hefst á morgun.

Fyrirtækið, sem er með elstu hugbúnaðarfyrirtækjum landsins, segir nýja upplýsingasýn komna í kerfið sem hafi að bjóða einfalda yfirsýn yfir allan fjárhag, starfsmannahald, laun, viðskipti og sölu. „Meðal lykilkþátta í kerfinu er fullkomið áætlunarkerfi fyrir fjárhagsbókhald, launabókhald og sölukerfi,“ segir í tilkynningu.

BizVision er vefmiðað forrit þannig að stjórnendur geta haft aðgang að lykilorðstrartölum fyrirtækis eða deildar á jafnefaldan hátt og að skoða síður á netinu. „Innleiðing á kerfinu er einföld þar sem það getur tengst öllum algengustu bókhaldskerfum sem eru í notkun hjá fyrirtækjum í dag, eins og



SKJÁSKOT BIZVISION Unnið er með nýja hugbúnaðarlausn Tölvubankans að nafni BizVision í gegnum vefviðmót og því hægt að nálgast upplýsingar hvar sem maður kemst á netið.

Navision, Axapta ásamt kerfum fyrir AS/400,“ segja fosvarsmenn Tölvubankans og benda á að við innleiðingu verði því engin röskun í vinnslu, því það komi inn sem viðbót á sviði upplýsingasýnar.

Meðal fyrirtækja og sveitarfélaga sem þegar hafa tekið í notkun BizVision eru BYKO, Elko, Brimborg, Húsgagnahöllin, Industria, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Reykjanesbær.

Microsoft sektað enn á ný?

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varaði við því undir lok síðustu viku að bandaríski hugbúnaðarinn Microsoft gæti átt yfir höfði sér enn frekari sektir vegna brota á samkeppnislögum Evrópusambandsins.

Samkeppnisyfirlöng ESB sektuðu Microsoft um 497 milljónir evra, jafnvirði rúmra 43 milljarða króna, vegna brota á samkeppnislögum fyrir þremur árum sem fólust í að skilja ekki margmiðlunarspilarann Windows Media Player frá stýrikerfi fyrirtækisins.

Brotin nú fela í sér sölu Microsoft á upplýsingum um kóða Windows-stýrikerfisins til fyrirtækja sem þurfa á honum að halda til að geta samhæft hugbúnað sem þau framleiða við stýrikerfi frá Microsoft. Telur ESB að Microsoft fari offari í gjaldtöku við sölu á upplýsingunum.



WINDOWS XP STÝRIKERFI Samkeppnisyfirlöng ESB sektuðu hugbúnaðarinn Microsoft um 43 milljarða króna árið 2004 fyrir að skilja ekki myndspilara frá stýrikerfinu. Fyrirtækið getur átt yfir höfði sér frekari sektir.

Verði ákveðið að sekta Microsoft frekar getur fyrirtækið átt yfir höfði sér allt að þriggja milljóna evra sekt á degi hverjum, að sögn bandaríska dagblaðsins Boston Globe. Það svarar til rúmra 268 milljóna íslenskra króna á dag.

Jonathan Todd, talsmaður framkvæmdastjórnarinnar, segir greinilegt að Microsoft sé fyrirtæki sem vilji ekki láta segja sér fyrir verkum. „Það er nóg að sjá hvernig forráðamenn þess haga sér gagnvart samkeppnisyfirlöngum í öðrum löndum,“ segir hann.

FÓLK Á FERLI

Íslandsprent bætir við sig



Annabella Jósefsdóttir hefur verið ráðin til Íslandsprents sem nýr starfsmaður í söludeild til að sinna auknum verkefnum fyrirtækisins. Hún sér um samskipti við viðskiptavinum, tilboðsgerð og öflun nýrra viðskiptavina.

Áður starfaði Annabella sem sölumaður umbúða hjá Kassagerðinni, sinni viðskiptavinum og hélt utan um pantanir og verkefni, auk þess að sjá um áætlanagerð og verðútreikninga, að því er fram kemur í tilkynningu.

Hjá Íslandsprenti starfa nú þrjátíu og fimm manns.

BizVision

Upplýsingakerfi fyrir stjórnendur



Tölvubankinn


www.tbank.is
www.bizvision.net
S: 595 0000

Vífilfell óskar **SAMbíóunum**
hjartanlega til hamingju með **25 ára afmælið**

Í tilefni dagsins verður 40% afsláttur af miðaverði í SAMbíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri og Keflavík

15 milljón gestir

25 ára **1982 - 2007**
SAMBÍÓIN



Sumarmyndirnar 2007



Reiknar með afburðanemendum

Prófessor Steven Eppinger frá Háskólanum í Boston er ánægður með nemendahópinn sem mætti honum í MPM-námi Háskóla Íslands. Óli Kristján Ármannsson hittir Eppinger, sem er heimspekkur fyrir rannsóknir sínar og kenningar, og komst að því að prófessorinn er góðu vanur þegar kemur að nemendum.

Steven Eppinger, prófessor í vörubrúun og konrektor Sloan School of Management hjá MIT-tækniháskólanum í Boston í Bandaríkjunum, tók vel í stutt spjall eftir kennslustund í nýju MPM-námi Háskóla Íslands í Háskólabíói síðdegis á föstudaginn var, jafnvel þótt hann hefði rétt verið að kveðja nemendur. Kennslustundin var lífleg og ljóst að nemendurnir voru hrifnir af þessum gestakennara sínum. MPM er meistaranám í verkefnastjórnun á svipuðu stigi og MBA, en skammstöfunin stendur fyrir *Master of Project Management*. Um er að ræða tveggja ára nám samhliða starfi sem rekið er undir hatti verkfræðideildar Háskólans.

EKKI MIKIÐ UM JAFNSÉRHÆFT NÁM
Ekki er þó að undra að Eppinger hafi náð að hrífa nemendurna,

enda heimspekkur fræðimaður á sínu sviði. Kenningar Eppingers hafa valdið straumhvörfum í hugmyndum manna um hvernig mestum árangri sé náð við þróun vöru og þjónustu. Þá er bók hans *Product Design and Development*, sem hann skrifaði með Karli T. Ulrich, grundvallarkennslurit í hundruðum háskóla um heim allan, en hana gefur út risabókaforlagið McGraw-Hill og er hún nú í sinni þriðju útgáfu.

Rannsóknir Eppingers snúast um að bæta flókin vörubrúunarferli til að stytta þróunartímann. Hann hefur verið í fararbroddi í að þróa svokallaða „Design Structure Matrix“ aðferð við að stýra flókinni kerfishönnun. Hann hefur skrifað yfir fimmtíu vísindagreinar í ritrýndum tímaritum og ráðstefnum og hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín, meðal annars fyrir kennslu og frumkvöðla-



Í MIÐRI KENNSLUSTUND Steven Eppinger, prófessor við Sloan School of Management við MIT í Bandaríkjunum, kenndi nemendum í nýju meistaranámi við Háskóla Íslands á föstudag og laugardaginn var.

starf. Eppinger er sagður hafa verið sérlega ötull í þverfræðilegum rannsóknum og þannig víkkað sjónarhólinn í vörubrúun

og skapað nýja þekkingu sem nýtt er af stærstu iðnfyrirtækjum heims.

„Er þér samt ekki sama þó að við setjumst, ég er búinn að standa við töfluna í dágóða stund,“ segir Eppinger rólega. Hann var enda að ljúka sínum fyrsta kennsludegi hér á landi og kvaddi nemendurna með þeim orðum að hann hlakkaði til að hitta þá aftur að morgni. „Er annars alvanalegt að hér sé kennt á laugardögum?“ spurði hann þar sem nemendur tóku saman bækur sínar. „Eða er það sérstaklega fyrir mig?“ Svárið var að í MPM-náminu væru tímar á föstudögum.

Í tímanum hafði verið farið yfir ýtarlegri hugtök tengd verkefnastjórnun með sérstakri áherslu á verkfræði. „En þar hef ég þróað aðferðir sem henta þeim anda verkefnastjórnunar sérstaklega vel,“ segir Eppinger.

En hvað dregur heimspekkann fræðimann á borð við Eppinger til Íslands að kenna? Hann viðurkennir að vissulega hafi hann nóg að gera við kennslu heima í Bandaríkjunum sem og víðs vegar um heiminn. „Staðreyndin er hins vegar sú að í heiminum er ekki það mikið um sérhæft nám í verkefnastjórnun á borð við það sem hér er boðið upp á. Það er nýtt og hefur sína sérstöðu, þótt það sé ekki það eina sinnar tegundar í heiminum. Þetta er líka tæknileg verkefnastjórnun og námið hér miðar við verkfræðitengdan iðnað og þar er ég á heimavelli.“ Þá segist Steven Eppinger einnig gjarnan vilja fara víða og deila fagþekkingu með fræðimönnum annars staðar að. „Þannig kynnir maður störf sín með fleiri kennurum, nemendum og ólíkum iðngreinum. Svo er þetta líka einn þátturinn í því að verða á endanum heimspekkur fræðimaður,“ bætir hann við og hlær. „Núna hafa 50 manns hér á Íslandi kynnst störfum mínum nánar og í þessum tímum nota þau bókina sem ég skrifaði. Núna hafa þau því tækifæri til að ræða við mig um rannsóknir mínar sem ekki er minnst á í bókinni.“

SMÆÐIN EKKI ALLTAF TIL TRAFALA
Steven Eppinger var hér í sinni fyrstu heimsókn og kvaðst ekki hafa mikinn tíma aflögu til að skoða sig um. Hann var hins vegar hrifinn af landinu þótt það væri ískalt. „Reyndar er veðrið ekki ósvipað því sem gerist heima í Boston, en ég held nú samt að hér sé vindasamara.“ Hann segir að þótt heimsókn hans nú til kennslu hafi bara verið umsamin í þetta eina skipti, þá sé alveg ljóst að fjölskylda hans myndi kunna

að meta landið. „Næst reyni ég kannski að hafa fjölskylduna með mér og hef þá heimsóknina að sumri til.“

Hann segist hins vegar margoft hafa komið til bæði Svíþjóðar og Finnlands til að kenna og því ekki alveg ókunnugur Norðurlöndum. Þar segir hann svo sem ekki mikinn mun að finna á nemendum, en vissulega sé ekki líku saman að jafna, kennslu á Norðurlöndum eða í Japan, Kóreu, Kína, Ítalíu, Spáni og Bandaríkjunum. „Það sem hins vegar er einstakt við nemendurna hér er ekki þjóðernið heldur sú staðreynd að þeir hafa lagt fyrir sig verkefnastjórnunarnám í tækniönaði. Slíkum hópi er ekki ónýtt að fá að kenna, enda skilur þetta fólk störf mín og ástæðurnar sem að baki liggja. Sem slíkir eru íslensku nemendurnir tilkomumiklir, en þetta er náttúrulega sérhæft meistaranám og því gerir maður ráð fyrir því að þeir séu klárir. Svo er ég nú ekki óvanur klárum nemendum heima fyrir við MIT,“ segir hann, en bætir um leið við að mikil forréttindi séu að fá tækifæri til að vinna með jafnklárum nemendum.

Eppinger segist hins vegar ekki hafa kynnt sér íslensk fyrirtæki sérstaklega, en hefur eftir nemendum sínum hér, sem flestir hverjir eru vinnandi fólk, að þeir búist við að geta nýtt sér kenningar hans beint í sínum störfum. „Svo getur verið að ég hafi tækifæri til að vinna áfram með þeim að þróun ákveðinna hugmynda ef svo ber undir,“ segir hann og telur því ekki loku skotið fyrir samstarf hans við íslensk fyrirtæki.

Af samræðum sínum við nemendur hér segir Eppinger hins vegar ljóst að smáum markaði líkt og hér geti fylgt kostir fyrir margvíslegan iðnað og smæðin þurfi því ekki alltaf að vera til trafala. „Hluti af því sem við ræddum voru einkaleyfi og höfundarréttur. Það sem er áhugavert hér er að vegna smæðar markaðarins hafa mörg fyrirtæki sem skrá einkaleyfi fyrir hugverkum sínum og framleiðslu víðs vegar um heiminn sleppt því að skrá einkaleyfi hér. Það er enda dýrt og skráningunni fylgir nokkuð umstang, en þau velja kannski einhver 30 til 40 lönd til skráningarinnar. Hér ríkir því meira frelsi til að hagnýta sér uppfinningar annarra, sem lýst er í smáatriðum í einkaleyfinu þar sem þær eru skráðar. Forskot fyrirtækja hér felst því í að nýta sér þessar upplýsingar, en auðvitað bara á heimamarkaði. Síðan þegar einkaleyfið rennur út þá eru þessi fyrirtæki komin með forskot á aðra og búin að leysa margvísleg vandamál tengd framleiðslu. Þannig geta þau mun hraðar hafið innreið sína á aðra markaði með framleiðslu sína eða tækni.“ Sömuleiðis segir hann Íslendinga, sem og aðra Norðurlandabúa, mjög hæfa í að taka upp og hagnýta sér nýja tækni. „Ekki veit ég hvort það er eitthvað innbyggt í menninguna, eða af hverju þetta gerist hraðar á þessu svæði. En vegna þess hve neytendur og fyrirtæki eru viljug og góð í að nýta sér nýjustu tækni verður til alveg dásamlegt umhverfi til bæði tæknipróun og markaðssetningu. Þetta held ég að eigi sérstaklega við um farsímataekni og margvíslegar aðrar nýjungar.“



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI MEISTARANÁM 2007 - 2008 VIÐSKIPTAFRÆÐI

HAUSTIÐ 2007 VERÐUR Í FYRSTA SKIPTI BOÐIÐ UPP Á MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI. BOÐIÐ VERÐUR UPP Á TVÖ SÉRSVIÐ:

ALÞJÓÐAFJÁRMÁL OG BANKASTARFSEMI STJÓRNUN Í ALÞJÓÐLEGU FYRIRTÆKJAUMHVERFI

Dæmi um námskeið:

Alþjóðaviðskipti og alþjóðastofnanir, Þjód- og rekstrarhagfræði, Alþjóðleg stefnumótun, Alþjóðafjarmál og bankastofnanir, Fjarmál fyrirtækja, Alþjóðleg mannauðs- og þekkingarstjórnun og Forysta og árangur.

Fjölbreyttar kennsluáðferðir verða notaðar til að virkja þátttöku og frumkvæði nemenda. Þar má nefna umræður, málstofur, einstaklings- og hóperkefni og raunverkefni /tilviksrannsóknir (case studies).

Kennt verður í námslotum. Að jafnaði verður kennt einu sinni í mánuði, frá fimmtudegi til laugardags. Þess á milli fara samskipti fram í rafrænu vefumhverfi.

Almenn krafa er að umsækjendur hafi lokið BSc námi í viðskiptafræðum við viðurkennda háskóla að jafnaði með fyrstu einkunn. Sjávarútvegsfræðingar sem lokið hafa fjögurra ára BSc námi geta einnig fengið inngöngu í námið.

Innritunargjald er 45.000 kr. á ári.



FYRRI UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 15. MARS 2007*

Umsóknareyðublöð eru á www.unak.is. Þar eru einnig upplýsingar um inntak náms, inntökuskilyrði og fyrirkomulag kennsu. Nánari upplýsingar veita Ása Guðmundardóttir skrifstofustjóri viðskipta- og raunvísindadeildar asa@unak.is og Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor irei@unak.is.

*Seinni umsóknarfrestur er til 15. apríl. Athugið að takmarkaður fjöldi fær skólavist og umsækjendur í fyrri umgangi eiga betri möguleika að uppfylltum inntökuskilyrðum.

v/Norðurlstóð
600 Akureyri
Sími: 460 8000
www.unak.is

Í KVÖLD KL. 19:30


ARSENAL

PSV

MEISTARADEILDIN



16. LIÐA ÚRSLIT



Í KVÖLD KL. 19:30

MEISTARADEILD EVRÓPU

Arsenal - PSV

B. München - Real Madrid *Sýn Extra*

Man. United - Lille *Sýn Extra 2*

Á MORGUN KL. 19:20

UEFA CUP

Newcastle - AZ Alkmaar

Á LAUGARDAG

ENSKI BIKARINN

Middlesbrough - Man. United

SPÆNSKI BOLTINN

Barcelona - Real Madrid


Á SUNNUDAG

ENSKI BIKARINN

Chelsea - Tottenham

Blackburn - Man. City

Plymouth - Watford



MEISTARANÁMIÐ KYNNT Í HR Margrét Jónsdóttir, annar af tveimur forstöðumönnum nýs meistaranáms í alþjóðaviðskiptum sem boðið verður upp á í Háskólanum í Reykjavík í haust, segir mikla áherslu verða lagða á tungumálanám.

MA-nám í alþjóðaviðskiptum

Háskólinn í Reykjavík ætla á næsta haustmisseri að bjóða nemendum upp á nýtt nám á meistaranástigi í alþjóðaviðskiptum. Námið er sérniðið fyrir metnaðarfulla nemendur sem vilja ná starfsframa á alþjóðavettvangi, að sögn forstöðumanna námsins. Sjónum er sérstaklega beint að sérstökum markaðssvæðum auk þess sem nemendur munu dvelja í eina önn á þriðja misseri námsins á erlendri grund í því skyni að víkka sjóneldarhring þeirra enn frekar. Misserinu verður ýmist varið í nám við erlenda háskóla, við vinnu í íslensku sendiráði eða hjá fyrirtæki með starfsemi erlendis.

Margrét Jónsdóttir, annar forstöðumaður námsins á móti Jóni Ormi Halldórssyni, segir dvöl nemenda og búsetu í öðru landi en á Íslandi þeim til tekna og vísu að til orða Jóns Kr. Gíslasonar, starfsmannastjóra stoðtækjafyrirtækisins Össurar, að ef hann ætti að velja á milli tveggja einstaklinga og annar þeirra hefði búið erlendis þá ætti hann ekki í vandræðum með að ákveða sig: „Það er forskot að hafa búið erlendis,“ hafði hún eftir Jóni.

Námið var sömu-leiðis sérniðið að þörfum atvinnulífsins í samvinnu við mörg af helstu útrásarfyrirtækjum landsins og munu forstjórar þeirra meðal annars veita nemendum af þekkingarbrunni sínum auk þess sem stefnt er að því að fá erlenda gestakennara til landsins.

SKORTUR Á FÓLKI MEÐ ÞEKINGU „Háskólinn í Reykjavík er frjósöm jörð. Allt sem við snertum verður að blómi,“ sagði Margrét og benti á að markmið námsins sé að búa til mjög hæfa einstaklinga sem geti unnið um allan heim. Nemendum sem þessum muni opnast margar dyr á alþjóðavettvangi.

Margrét sagði á fundi þar sem hún kynnti námið á mánudag að helstu hindranir Íslendinga væru ekki af landfræðilegum eða stjórnmálalegum toga heldur af þekkingarfræðilegum. Með náminu verður unnið að því að hrinda hindrunum frá og opna nemendum dyr beint inn í erlent viðskiptalíf, ekki síst þegar tungumálakunnátan er ekki lengur fjötur um fót. „Það er skortur á fólki sem hefur þekkingu, þor og ímyndunarafl til að sigla inn á nýja markaði,“ sagði Margrét og bætti við að markmið háskólans væri að framleiða fólk sem þetta. Til að auka enn frekar á erlendu tilfinninguna mun öll kennsla fara fram á ensku.

ÁHERSLA Á TUNGUMÁLAKUNNÁTTU Til að hnykkja enn betur á sérfræðikunnáttu nemendanna er hluti námsins tungumálanám og geta þeir sem ákveða að setjast á skólabeck valið á milli þess að læra frönsku, spænsku, þýsku eða kínversku.

Að sögn Margrétar munu allir nemendur taka stöðupróf í upphafi náms og ljúka náminu, sem varir í fjögur misseri, með alþjóðlegu próf í því tungumáli

sem viðkomandi ákveður að sérhæfa sig í. Tungumálakunnátta er eitt helsta inntökuskilyrðið fyrir náminu en jafngildi stúdentsprófs í tungumáli er nauðsynlegt. Kunnátta í kínversku er þar undanskilin.

Íslenskir nemendur læra þrjú tungumál á grunn- og framhaldsskólagöngu sinni. Kunnátta í fyrstu tveimur tungumálunum helst nokkuð fram eftir aldri en hæfni í notkun þriðja tungumáls daprast nokkuð eftir því sem á líður sé því ekki haldið við. Margrét, sem leiddi kennslu í spænsku við Háskóla Íslands áður en hún fór yfir til Háskólans í Reykjavík, segir hæfni í þriðja tungumálinu enn til staðar þótt nemendur eigi í erfiðleikum með að beita því í daglegu lífi. „Það er þarna ennþá, á harða drifinu,“ sagði hún, benti á höfuðið og sagði árangursríkar kennsluadferðir verða notaðar til að draga þekkinguna aftur fram.

VIÐSKIPTAFRÆÐI EKKI NAUÐSYNLEG Meistaránámið er opið öllum sem lokið hafa háskólanámi en nemandafjöldi er takmarkaður við 60 manns. Ekki er nauðsynlegt að

nemendur hafi lokið háskólamenntun á sviði viðskipta- eða hagfræði heldur leitast Háskólinn í Reykjavík ekki síður eftir því að fá

fólk til náms sem hefur menntað sig í félags-, hug- eða raunvísindum. Margrét sagði blöndu sem slíka geta boðið upp á öðruvísi nálgun á viðfangsefni. Og nemandum sem skortir þekkingu á akademískri hlið viðskiptafræðanna gefst kostur á að afla sér nauðsynlegrar grunnþekkingar innan HR áður en nám hefst, að sögn Margrétar.

„Þeir sem koma úr öðrum greinum koma iðulega úr atvinnulífinu og hafa aflað sér þekkingar á viðskiptalífinu,“ sagði hún og benti á að þeir sem hafa aðra menntun að baki en viðskipta- og hagfræði hafi oftast en ekki verið í nokkur ár á atvinnumarkaði og flytja með sér annars konar þekkingu inn í námið.

NÁM FYRIR ALLA

Nú þegar er búið að opna fyrir umsóknir í meistaranám í alþjóðaviðskiptum við HR. Það tekur fjórar annir, tvö ár, og geta nemendur valið hvort þeir stunda fullt nám eða taka það meðfram daglegri vinnu en kennsla fer fram alla morgna fyrstu þrjú daga vikunnar auk þess sem kennt verður tvær til þrjár helgar á misseri.

Margrét sagði það yfirleitt ekki vandkvæðum bundið að fara í nám sem þetta meðfram vinnu. Stjórnendur styðji starfsfólk sitt fremur en letji til náms enda horfi þeir fremur til afkasta starfsfólks en til viðveru á vinnustað. Og fleiri kostir fylgja því fyrir stjórnendur fyrirtækja að styðja starfsfólk sitt til frekara náms. „Þeir sem fjárfesta í starfsmönnum sínum fá hæfari og ánægðari starfsmenn til baka,“ sagði Margrét.



Hólmfríður Helga Sigurðardóttir



KATHLEEN CHEONG ARKITEKT Kathleen telur að það myndi gagnast bæði Ástralíu og Íslandi að koma á samstarfi um að hleypa ungu fólki inn á vinnumarkaði landanna um takmarkaðan tíma.

Margt líkt með Ástralíu og Íslandi

Kathleen Cheong ólst upp í Sydney í Ástralíu. Þar bjó hún allt þar til hún hafði lokið háskólanámi í arkitektúr og hafið sinn starfsferil. Þá vatt hún kvæði sínu í kross og ákvað að taka að sér sjálfboda-liðastörf í öðrum löndum og fá auknar hugmyndir og dýpka þannig starfsferil sinn.

Um skeið vann Kathleen í Sankti Pétursborg og ferðaðist svo um hin ýmsu lönd í Evrópu. Í Lettlandi kynntist hún Íslendingnum Kristjáni Inga Sveinssyni vélfræðingi, sem taldi hana á að koma með sér til Íslands. Hún lét sannfærast en afréð þó að koma ekki fyrr en hún hefði lokið ferðalaginu. Hélt hún svo alla leið til Vestur-Afríku þar sem hún var við sjálfbodaðastörf í Gana. Áð því loknu, árið 2002, kom hún til Íslands. Á þeim tíma var lítið framboð af störfum hér á landi svo hún staldraði stutt við og fór aftur heim til Ástralíu. Tveimur árum síðar, þegar atvinnuástandið hafði skánað, sneri hún aftur.

Hún fékk fljótt starf við hæfi á Yrki, lítilli arkitektastofu í hröðum vexti. Hún segist lánsöm að starfa við arkitektúr þar sem fagið sé stundað á svipadan hátt um allan heim. „Það er tiltölulega nýtilkomið að hægt sé að læra arkitektúr á Íslandi. Það þýðir að flestir arkitektar á Íslandi hafa hlotið menntun sína erlendis. Þess vegna var engin hindrun fyrir mig að hafa ástralska gráðu. Hins vegar hamlar íslenskukunnátan mér í vissum aðstæðum en ég er að vinna í því máli!“

SAMSKIPTIN AF SKORNUM SKAMMTI

Lítill hefð er fyrir viðskiptum milli Íslands og Ástralíu. Í fyrra voru fluttar vörur frá Íslandi til Ástralíu fyrir 266 milljónir króna samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Þaðan og hingað voru fluttar vörur fyrir 487 milljónir króna. Engan skyldi undra að vöruskiptin skuli ekki vera meiri en þetta. Það tekur 24 tíma að fljúga milli landanna. Er þá ekki meðtalinn tíminn sem fer í millilendingar og bið á flugvöllum. Það er því sennilega báðum löndum í hag að versla frekar við önnur lönd sem liggja þeim landfræðilega nær.

Þótt þau séu fá, íslensku fyrirtækin sem hafa teygst sig svo langt í útrásinni að þau eru komin alla leið hinu megin á hnöttinn, eru þau til. Marel er eitt þeirra. Fyrirtækið hefur átt í viðskiptum í Ástralíu í tuttugu ár. Fyrir um fimm árum var skrifstofa sett upp í landinu en undir hana heyrir líka Nýja-Sjáland. Þar vinna um fimmtán

starfsmenn, þar af fjórir Íslendingar. Ástralir og Íslendingar eiga, þrátt fyrir takmörkuð samskipti, ýmislegt sameiginlegt. Báðar þjóðir elska sitt lambakjöt, fiskveiðar eru báðum mikilvægar og náttúran er það sem trekkir að útlendinga. Ekki má gleyma því að löndin eiga sér bæði fastan sess á hamingjulistanum frægu sem gefa til kynna að íbúar landanna séu sáttari við lífið en aðrir í þessum heimi.

Kathleen detta engar sérstakar íslenskar vörur í hug sem Ástralir myndu falla fyrir. Það er heldur ekkert sérstakt frá Ástralíu sem hún heldur að myndi eiga upp á pallborðið hjá Íslendingum, þótt hún sjálf sakni ýmissa hluta sem hún

ólst upp við. Það sem hún telur hins vegar að myndi gagnast báðum þjóðum og vera góður grundvöllur fyrir auknum samskiptum væri að koma á samstarfi um að hleypa ungu fólki inn á vinnumarkaði landanna um takmarkaðan tíma. „Ástralía á í slíku samstarfi við nokkur lönd, meðal annars við Danmörku og Svíþjóð, og það hefur gefist mjög vel. Þetta myndi sérstaklega gagnast Íslendingum og Ástrólum þar sem þetta eru þjóðir sem vita mjög lítið hvor um aðra en hafa svo margt sameiginlegt.“

Ekkert samstarf af þessu tagi er við lýði á milli Íslands og Ástralíu. Ungu íslensku fólki er því ekki heimilt að vinna fyrir sér í Ástralíu nema með því að fara í langt og kostnaðarsamt ferli. Sömu sögu er að segja um Ástrali sem hafa hug á að koma hingað til lands og vinna í takmarkaðan tíma.

AFSLAPPADRI VINNUMENNING Á ÍSLANDI

Tímastjórnun er að mati Kathleen meira atriði í Ástralíu en á Íslandi, ekki síst vegna þess tíma sem það tekur að komast á milli staða í stórborgunum þar. „Í Ástralíu tók það eitt að komast í vinnuna mig klukkutíma á meðan það tekur mig fimm mínútur hér. Það er stór kostur.“ Kathleen kann lífinu hér á landi ágætlega en saknar þó margs að heiman. Fyrst og fremst er það einsleitin og einhæfnin sem fer fyrir brjóstið á henni. Henni þykir matvöruúrval lítið þótt hún finni stundum vörur sem hana skortir í asískum verslunum. Þá finnst henni mannlífið nokkuð einhæft hér, enda vön afar fjölbjóðlegu umhverfi. „Í því umhverfi sem ég ólst upp í var ekkert tiltökumál að líta öðruvísi út en aðrir í kring.“

Þannig er það til dæmis mjög óeðlilegt í mínum huga að kalla annað fólk útlendinga, eins og hér er gert, þótt það líti öðruvísi út en ég.“

MÁLID ER
Alþjóða-
viðskipti

ÁSTRALÍA

Mannfjöldi: 20,3 milljónir

Hagvöxtur: 2,8 prósent

Verðbólga: 3,8 prósent

Atvinnuleysi: 4,9 prósent

Gjaldmiðill: 1 ástralskur dalur = 52 íslenskar krónur

Heimild: The World Fact Book.

Bráðabirgðatölur fyrir 2006.

FRÓÐLEIKSMOLAR

Í Ástralíu ...

... er töluð enska sem á margan hátt er einstök. Ástralir nota mörg slanguryrði sem hljóma jafnvel framandi í eyrum fólks frá öðrum enskumælandi þjóðum.

... þrýða rauðkengúran og fuglím emúí skjaldarmerki þjóðarinnar. Dýrin, sem finnast einungis í Ástralíu, geta hvorugt gengið aftur á bak. Þau eru því táknræn fyrir framfarir og tregðu við að láta undan.

... táknar öfugt friðartákn (vísi-fingur og langatöng reist og hinir fingurnir klemmdir saman og snúa að líkamanum) það sama og að gefa löngutöng hér.



Myntlán



Gæti lán í erlendri mynt verið lausnin?

SPRON Myntlán eru veitt til kaupa, framkvæmda eða endurfjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Unnt er að taka fullt **SPRON Myntlán** eða blandað lán þar sem helmingur lánsins er myntlán og hinn helmingurinn í íslenskum krónum.

Upplýsingar í næsta útibúi **SPRON** í síma **550 1200**, í þjónustuveri í síma **550 1400** eða á **spron.is**



BANKAHÓLFID



Háskólapróf í nisku

Á Deiglu.com er oft að finna skemmtilegar greinar. Þar er samankominn hópur frjálslyndra og velmenntaðra ungmenna sem tekst oft á tíðum að bregða frjóu sjónarhorni á hin ýmsu mál-efni líðandi stundar í bland við hin sem glíma þarf við á skala eilífðarinnar. Á Deiglu er að finna núna grein eftir Magnús Þór Torfason, doktorsnema við Columbia Business School. Þar fjallar hann um nytjahámörkun og bendir á að rannsóknir sýni að hagfræðingar sem eru sérfræðingar í nytjahámörkun hagi sér í samræmi við þekkingu sína. Þannig gefi hagfræðiprófessorar minna til góðgerðarmála en prófessorar í öðrum greinum og hagfræðinemar hegði sér á eigingjarnari hátt en nemendur annarra greina.

Magnús Þór bendir á að þetta geti verið innlegg í það hvort skattleggja eigi eða styrkja nám í hagfræði. Hann bendir þó á að hann sé ekki hlynntur sérstökum skatti á hagfræðinga, enda séu jákvæð ytri áhrif af hagfræðimenntun stórum meiri en þau neikvæðu.

BYRjunarörðugleikar

Eitthvað virðist nafnbreyting sameinaðra sparisjóða Hafnfirðinga og vélstjóra hafa farið fram hjá sumum viðskiptavinum. Á laugardaginn var nýtt nafn, Byr - sparisjóður, og merki kynnt. Á mánudegi heyrðist hins vegar af viðskiptavini sem kom inn í sinn gamla sparisjóð og stoppaði hissa við. „E... er þetta ekki ennþá banki?“ spurði sá og fékk frekar þreytulegt tilsvor um að víst væri það svo. Spurningin hafði heyrst oft um daginn. Heldur virtist starfsstúlkan þreytt á vangaveltum um nýtt nafn og kvaðst hafa heyrt margar útgáfur yfir daginn þegar sami viðskiptavinur sagði að sér þætti nafnið „eins og á netagerð“.

Litbrigði arðsins

Breska blaðið Sunday Times hefur um langt skeið efnt til virtrar keppni í vatnslitámálin. Slíkum keppnum hefur farið fækkandi og vígi hinnar hárnákvæmu og hófstilltu listar vatnslitámálar falla hvert af öðru. Það eru fleiri vígi sem falla, því keppnin heitir ekki lengur The Sunday Times Watercolour Competition, heldur The Kaupthing Singer and Friedlander/Sunday Times Watercolour Competition. Verðlaunin eru ekki af verri endanum, um fjórar milljónir króna til sigurvegarans. Spurning hvort seðlagrænt verði liturinn í ár.

9 milljarða króna hagnaður Actavis í fyrra.

276,6% aukning hagnaðar í fyrra hjá Sparisjóði Vestfjarða og nam hann 800 milljónum króna.

6,9 milljarða króna tap 365 hf. á síðasta ári.



HP Á HEIMSINS STÆRSTA AÐDÁENDAKLÚBB!

100 MILLJÓNIR LASERJET PRENTARA HAFNA TRYGGT STÓRA OG SMÁA SIGRA Á SKRIFSTOFUGÖNGUM UM ALLAN HEIM!

Það eru margar góðar ástæður fyrir brosum á andlitum HP LaserJet notenda. Ein af þeim er sú að þeir vita að þeir geta stólað á prentarann. Í 23 ár hefur HP sett viðmiðið í rekstaröryggi, nýsköpun, þjónustu og notendavænleika. Í stuttu máli sagt hefur HP verið í forystu í prentaratekni sem tryggir að viðskiptavinir okkar fá sem besta nýtingu út úr prenturum og sem mest fyrir peninginn. Kynntu þér einstaka eiginleika HP LaserJet prentaranna og mismunandi kosti þess að vera með hágæðaprentara á skrifstofunni þinni. Farðu inn á www.ok.is/HPklubbur strax í dag. Við erum viss um að þú verður fyrir en varir orðinn hluti af heimsins stærsta aðdænda klúbbi.

NÚ ERU VALDIR HP LASERJET PRENTARAR Á TILBOÐSVERÐI



Farðu inn á www.ok.is/HPklubbur og kynntu þér einstaka HP LaserJet prentara

OPIN KERFI

Nýr heimur fyrir fjárfesta



Brasilía
Rússland
Indland
Kína

SPRON
VERÐBRÉF